



CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

3. tbl. 2021 júlí



*Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis fór fram í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 5. júní 2021.
Alls þreyttu fimm prófið. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.*

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið í Skeljanesi*
- *Fjölþýlishús og loftnetamál*
- *Formenn ÍRA 1946-2021*
- *Tilbrigði við deltur*
- *Heimsókn til TFY á Seyðisfirði*

Á DÖFINNI:

- *TF útileikarnir 31. júlí-2. ágúst*
- *75 ára afmæli ÍRA 14. ágúst*
- *Alþj. vita- og vitaskipahelgin 21.-22. ágúst*
- *Vetrardagskrá ÍRA október-desember*
- *Næsti skilafrestur efnis: 15. október*

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Póst- og fjarskiptastofnun um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"W. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2021–2022 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Óskar Sverrisson	TF3DC
Ritari:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Georg Kulp	TF3GZ
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2020–2021 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru mars, júní og september 2020 og janúar 2021.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · ·	3
Frá formanni... · · · · ·	4
Félagsstarfið í Skeljanesi · · · · ·	6
Fjölbylishús og loftnetsmál · · · · ·	23
Spætan 2 · · · · ·	25
Formenn ÍRA 1946–2021 · · · · ·	27
Heimsókn í Tækniminjasafnið á Seyðisfirði	33
Tilbrigði við deltur · · · · ·	37
Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2021/22 · · ·	42
Viðurkenningar radióamatöra · · · · ·	43
Bókahorn ÍRA · · · · ·	44
ÍRA; starfstímabilið 2021/22 · · · · ·	45
Helstu DX keppnir 2021; ágúst–október. ·	48

Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósaraflhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radióamatörar hafa hannað og smíðað geivhnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra


Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Ég hef lengi haft áhuga á loftnetum og gerði mér fljótlega grein fyrir að illmögulegt er að ná árangri með lélegu loftneti. Ekki spillir heldur fyrir að hafa fleiri en eitt loftnet sem má skipta á milli. Oft má koma fyrir dípól, vertikal eða löngum vír og þó „langi vírin“ sé í styttra lagi getur hann skilað góðu merki ef hann vinnur á móti góðri jörð. Oftar en ekki, er jarðsambandið aðeins spotti í næsta ofn, oft með góðum árangri.

Aftur á móti er lang best að koma upp loftneti sem er sem „stærst og hæst“. Hér er átt við annarsvegar, að loftnet í fullri lengd er betra en loftnet sem er styt og hinsvegar, að vertikal sem hægt er að setja upp á þak er betri heldur en sá sem er settur upp niðri í garði. Þetta er almenna sjónarmiðið, en stundum þarf að sætta sig við það næst besta og það er í góðu lagi. Markmiðið er nefnilega að komast í loftið!

Langi vírin hefur reynst mörgum vel. Hann er ódýr kostur en nauðsynlegt er að nota góðan tjúner (loftnetsaðlögunarrás) á milli sendis og loftnets. Mínir tjúnerar hafa oftast verið smíðaðir eftir eyranu, spóla, sem hægt er að tengja inn á með krókódílaklemmu, plús hreyfanlegur þéttir er allt sem þarf og öll herlegheitin fest á spónaplötu. Gott er hafa RF strummæli í seríu við loftnetið. Með dótinu frá Bjarna Sverrissyni (SK) sá ég nokkra þannig, áhugasamir ættu endilega að taka einhvern þeirra að sér.

Vertical loftnet (sem sumir kalla „Stangarloftnet“), taka lítið pláss en þurfa að vinna á móti jarðplani í



Höfundur við hljóðnemann á TF7V í Vestmannaeyjum 1975. Þar voru notuð vertikal loftnet. Til hægri: Kristinn Danielsson TF3KD.

einhverri mynd. Þar sem loftnetið er aðeins $\frac{1}{4}$ af bylgjulengd Hef ég oftast verið með loftnetsstöngina uppi á þaki, oftar en ekki með rörstubb undir loftnetinu til að lyfta stönginni frá þakinu. Radialar, (oftast fjórir, mega vera færri) liðlega $\frac{1}{4}$ bylgjulengdar langir, eru svo mótvægið.

Margir láta duga að tengja einn jarðvír út í bárujárníð á þakinu, oft með góðum árangri. Það er þó sá galli á að ef járníð er gamalt, getur verið komin tæring á mill platna. Þessi tæring dregur úr leiðni og getur líka orsakað „díóðu áhrif“ og afriðað RF merkið frá loftnetinu.


Við þessa afriðun verða til yfirsveiflur, sem geta valdið truflunum.

Deltalúppur hafa reynst mér afar vel í gegnum tíðina. Ég hef oftast haft þær fyrir 14 MHz en notað þær á nánast hvaða bandi sem er, reyndar með misgóðum árangri en alltaf fer eitthvað af RF straumum út í heim. Prófaði eitt sinn að tengja kóaxinn inn á gamalt sjónvarp og Voilà, sjónvarpsstöðvar í Suður Evrópu slógust um pláss á skjánum.

Sumarið er besti tíminn fyrir loftnetatilraunir, það vita víst allir. Aftur á móti hafa flestöll mín loftnet farið upp um hávetur, stundum í snarvitlausu veðri. Það er víst ekki að ástæðulausu, að við radióamatörar erum stundum álitnir smáskrýtnir.

73,

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB
Ritstjóri CQ TF





Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Reglugerð heilbrigðisráðherra nr. 691/2021 markaði tímamót fyrir starfsemi ÍRA líkt og hjá öðrum félagsamtökum, en felldar voru úr gildi *allar* takmarkanir á samkomum innanlands frá og með 26. júní. Í þessu fólst m.a. fullt afnám grímuskyldu, nándarreglu og fjöldatakmakana. Til upprifunar, voru fyrstu takmarkanirnar vegna heimsfaraldursins settar 16. mars í fyrra (2020). Félagsmenn þurftu svo sannarlega að „þreyja Þorrann og Góuna“ á þessu tímabili hvað snertir starfsemi félagsins.

Enn er ferskt í minni hve árið 2020 fór vel af stað. Nýtt hefti CQ TF, 1. tbl. 2020, kom út á heimasíðu 23. janúar. Í blaðinu var m.a. kynnt viðamikil og glæsileg vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar til maí. Hins vegar hafði ekki náðst að flytja eitt einasta erindi þegar stjórn félagsins þurfti að taka þá þungbæru ákvörðun 10. mars, að fresta dagskránni vegna Covid-19 faraldursins. Og eins og þekkt er í dag, varð sú frestun endanleg út starfsárið 2020/21. En öll el styttir upp um síðir og frá og með 1. júlí hefur félagsaðstaðan í Skeljanesi verið opin á fimmtudagskvöldum án takmarkana. Félagsmenn og gestir hafa svo sannarlega nýtt sér það og þá tvo fimmtudaga sem hefur verið opið í Skeljanesi hefur aðstaðan verið afar vel sótt.

Hér á eftir langar mig til að fjalla stuttlega um eftirfarandi: Auknar aflheimildir á 50 MHz 1. júní, próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis 5. júní og nýja stofnun, Fjarskiptastofu í stað Póst- og fjarskiptastofnunar frá 1. júlí. Þar á eftir fjalla ég um verkefni framundan.

Auknar aflheimildir á 50 MHz.

ÍRA barst ánægjulegt erindi frá Póst- og fjarskiptastofnun þann 30. maí sem veitti íslenskum radióamatörum auknar aflheimildir í 50-50,5 MHz tíðni-sviðinu á 6 metrum, frá og með 1. júní 2021. Gildistími er þrír mánuðir eða til 31. ágúst n.k. G-leyfishafar fá heimild til að nota allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100W. Leyfishafar þurfa að sækja sérstaklega um heimild hjá Fjarskiptastofu. Póstfang er: hrh(hjá) fjarskiptastofa.is.¹ Tilgreina skal að sótt sé um aukið afl á 50 MHz.

Í viðræðum við stofnunina hefur ÍRA lagt til að ofangreind heimild verði sett inn í uppfærslu viðauka reglugerðarinnar í lok þessa árs, eða í byrjun 2022. Lesa má greinargerð, m.a. um þessi samskipti í Ársskýrslu ÍRA 2020/21; bls. 97-100. Vefslóð: tinyurl.com/arsskyrsla2021

Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis.

Próf PFS til amatörleyfis fór fram í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 5. júní. Alls þreyttu fimm prófið. Fjórir náðu fullnægjandi árangri og er þeim óskað til hamingju með árangurinn:

- Arnlaugur Guðmundsson, TF3RD, Reykjavík (G-leyfi).
- Jón E. Guðmundsson, TF8KW, Reykjanæsbæ (N-leyfi).
- Kjartan Birgisson, TF1ET, Reykjavík (G-leyfi).
- Pálmi Árnason, TF3PO, Reykjavík (G-leyfi).

Prófnefnd ÍRA annaðist framkvæmd að viðstöddum fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar. Prófað var í raf-fræði og radiótækni og reglum og viðskiptum. Prófið hófst kl. 10 árdegis og lauk með prófsýningu kl. 15.

Fulltrúar prófnefndar: Kristinn Andersen, TF3KX, formaður; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; Einar Kjartansson, TF3EK; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS; og Yngvi Harðarson, TF3Y. *Fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar:* Bjarni Sigurðsson, verkfræðingur. *Fulltrúar stjórnar:* Jón Björnsson, TF3PW; Jónas Bjarnason, TF3JB; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.

Leiðbeinendur á námskeiði ÍRA til amatörprófs: Andrés Þórarinnsson, TF3AM; Ágúst Úlfar Sigurðsson,



Prófsýning í Skeljanesi 5. júní. Kristinn Andersen TF3KX formaður prófnefndar fer yfir prófspurningar. Ljósmynd: TF3JB.

¹ Póst- og fjarskiptastofnun hætti starfsemi 30. júní. Nýtt nafn stofnunarinnar er Fjarskiptastofa frá og með 1. júlí 2021.

TF3AU; Haukur Konráðsson, TF3HK; Henry Arnar Hálfánarson, TF3HRY; Hörður Mar Tómasson, TF3HM; Jón Björnsson, TF3PW, Jónas Bjarnason, TF3JB, Kristinn Andersen, TF3KX; Óskar Sverrisson, TF3DC, Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Vilhjálmur Þór Kjartansson. Þakkir til allra sem komu að námskeiði félagsins og prófi til amatörleyfis.

Póst- og fjarskiptastofnun út – Fjarskiptastofna inn.

Þann 1. júlí 2021 tóku gildi ný lög um Fjarskiptastofnu sem leystu af hólmi eldri lög um Póst- og fjarskiptastofnun (sem tók til starfa 1. apríl 1997).

Helstu nýmæli laganna eru nýtt nafn á stofnunina, ákvæði um netöryggissveitina, ákvæði er varða öryggi og almannavarnir, skýrari heimildir til að greina stöðu fjarskiptaneta og gera útbreiðsluspár fyrir háhraðanet og ný ákvæði um framþróun, rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun svo eitthvað sé nefnt. Samskipti radióamatöra verða óbreytt við Fjarskiptastofnu frá því sem var við Póst- og fjarskiptastofnun. Íslenskir radióamatörar óska nýrri stofnun velfarnaðar.

Starfið framundan.

14. ágúst. Félagið okkar, Íslenskir radióamatörar, ÍRA á 75 ára afmæli þann 14. ágúst. Á stjórnarfund í félaginu 22. júní s.l. var ákveðið að halda upp á afmælið með því að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra að líta við í Skeljanesi laugardaginn 14. ágúst á milli kl. 15 og 18 og þiggja veitingar. Vöflur verða bakaðar á staðnum og framreiddar með rabarbarasultu og þeyttum rjóma. Í boði verður jafnframt sérlagað heitt súkkulaði með rjóma. Ef veður leyfir, er hugmyndin að tjalda á grasflötinni fyrir framan Skeljanes og setja þar upp stöð til fjarskipta. Vonandi sjá sem flestir félagar sér fært að mæta á staðinn og þiggja veitingar.

Námskeið í október. Stjórn ÍRA og prófnefnd félagsins munu hittast í ágústmánuði. Stjórn ÍRA gerði eftirfarandi samþykkt á fundi þann 22. júní s.l.: „Finna þarf heppilegra fyrirkomulag á námskeiðshaldi. Stefna skal að fundi með prófnefnd. Skoða þarf m.a. möguleikann á því að halda námskeið og jafnvel próf yfir netið, sem er gert í sumum löndum. Námskefni þarf að endurnýja“.

Í bréfi til nefndarinnar þann 4. júlí var nefndarmönnum þakkaður framúrskarandi góður undirbúningur og framkvæmd á prófi PFS til amatørleyfis 5. júní s.l. í Skeljanesi. Síðan segir m.a., „...að um gæti verið að ræða tiltölulega stuttan fund (kannski sem fyrri af tveimur) þar sem áhersla yrði á undirbúning þess að bjóða námskeið e.t.v. í október n.k.

yfir netið með óbreyttu námsefni“. Ennfremur að „...Nýtt námsefni sé vissulega aðkallandi – en það gæti verið tímasparandi við undurbúning námskeiðs í október, að fresta umræðum/undirbúningi innleiðslu þess þar til á [næsta] námskeiði þar á eftir, þ.e. í febrúar 2022. Áætlaður fundardagur er 10. ágúst.

Ný vetrardagskrá í október. Gangi allt á besta veg hvað varðar faraldurinn, mun stjórn félagsins kynna í næsta CQ TF (4. tbl. 2021) nýja vetrardagskrá fyrir tímabilið október–desember. Dagskráin mun byggja á því efni sem ekki náðist að bjóða á síðasta starfsári (vegna faraldursins), en einnig verður bætt við mörgum spennandi nýjungum. Starfi félagsins á árinu 2021 mun síðan ljúka með jólaþakki ÍRA – viðhafnar-kaffi, fimmtudaginn 17. desember.

VETRARDAGSKRÁ ÍRA FEBRÚAR-MAÍ 2020									
Jónas TF3AU, Ólafur TF3DC, Sigrún TF3HRY, Ólafur TF3HK, Einar TF3HM, Ólafur TF3JB, Ólafur TF3KX, Ólafur TF3PW, Ólafur TF3UA, Ólafur TF3DC									
Félagar	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun
1. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
2. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
3. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
4. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
5. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
6. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
7. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
8. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
9. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
10. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
11. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
12. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
13. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
14. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
15. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
16. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
17. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
18. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
19. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
20. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
21. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
22. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
23. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
24. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
25. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
26. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
27. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
28. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
29. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
30. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
31. október	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
1. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
2. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
3. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
4. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
5. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
6. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
7. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
8. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
9. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
10. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
11. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
12. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
13. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
14. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
15. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
16. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
17. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
18. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
19. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
20. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
21. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
22. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
23. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
24. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
25. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
26. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
27. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
28. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
29. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
30. nóvember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
1. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
2. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
3. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
4. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
5. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
6. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
7. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
8. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
9. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
10. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
11. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
12. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
13. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
14. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
15. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
16. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
17. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
18. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
19. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
20. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
21. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
22. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
23. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
24. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
25. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
26. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
27. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
28. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
29. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
30. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA
31. desember	Fjarskiptastofnun	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA	ÍRA

Að lokum. Þegar þetta er skrifað er nýlokið 10. VHF/UHF leikum félagsins sem haldnir voru helgina 9.-11. júlí. Met þátttaka var frá upphafi (2012) en alls skráðu sig 26 félagar til leiks. Þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY umsjónarmanns leikana fyrir góðan undirbúning og frábæran leikjavef sem hann endurbætti nú 5. árið í röð. Þá verður Alþjóðlega Vita- og vitaskipahelgin haldin helgina 21.-22. ágúst. Ráðagerðir eru uppi um að starfrækja kallmerkið TF1IRA frá Knarrarósvita þá helgi. Loks verða TF útileikarnir haldnir um verslunarmannahelgina, 31. júlí til 2. ágúst og mun Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður kynna keppnisreglur á heimasíðu ÍRA og FB síðum á næstunni.

Ég vil að lokum þakka félagsmönnum fyrir góða þátttöku og stuðning við starf félagsins og hlakka til að vinna með ykkur við að efla starfið enn frekar á þessu nýbyrjaða starfsári, 2021/22.

73,

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA.



Félagsstarfið í Skeljanesi

Jónas Bjarnason, TF3JB

Þessi inngangur er skrifaður 8. júlí 2021. Þá eru liðnir tæpir þrír mánuðir þar sem frá var horfið í síðasta tölublaði sem kom út 25. apríl. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma. Hér á eftir er fjallað í beinu framhaldi um félagsstarfið í dagbókarstíl til 8. júlí.

2. apríl – Innsending efnis.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri CQ TF sendi erindi til félagsmanna á heimasíðu og FB síðum 2. apríl, þar sem hann vakti athygli á að frestur til að senda efni í næsta tölublað væri til 25. apríl. Ritstjóri orðaði það þannig: „...að allt efni um áhugamálið væri vel þegið: „frásagnir, ljósmyndir eða jafnvel aðeins punktar og ábendingar um efni sem vinna má úr“.



TF3SB, ritstjóri CQ TF.

Viðtökur voru með ágætum og kom 2. tölublað 2021 út sunnudaginn 25. apríl á PDF formi á heimasíðu félagsins, alls 48 blaðsíður að stærð.

15. apríl – Félagsaðstaðan opnuð á ný eftir hlé.

Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi var opnuð á ný fimmtudaginn 15. apríl. Þá voru liðnar 4 vikur frá því síðast var opið, 18. mars s.l.

Að venju voru umræðuefni næg og var m.a. rætt um böndin, skilyrðin, tækin, loftnet og loftnetsturna, tækna og heimasíðar. Einnig var rætt um mismunandi gerðir/tegundir HF loftneta, m.a. frá ZeroFive, Fritz, Newtronics Hustler og VHF/UHF/SHF húsnet frá Diamond.



Skeljanesi 15. apríl. Frá vinstri: Sigurður Eliasson TF3-Ø44, Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Garðar Vilberg Sveinsson TF8YY, Georg Kulp TF3GZ, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: TF3JB.



Radiódótið komið í hús. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG í ganginum í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG kom færandi hendi með ýmislegt radiódót sem félögunum stendur til boða, m.a. góðir kassar (til smíða) og annað dót sem kemur til með að nýtast vel, bæði tengi og íhlutir.

Fjarskiptaherbergi félagsins var haft lokað og aðgangur að herbergi QSL stofunnar var takmarkaður við einn félaga í einu. Vel heppnað opnunarkvöld og almenn ánægja með að félagsaðstaðan var opin á ný. Þrátt fyrir ausandi rigningu og rjúkandi vorvinda mættu 14 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta aprílkvöld í vesturbæ Reykjavíkur.

16. apríl – Fundur í ritnefnd.

Ritnefnd CQ TF hélt fund nr. 2 á starfsárinu þann 16. apríl. Fjallað var um ýmsar tillögur nefndarmanna um fyrirkomulag blaðsins, bæði efni og efnisskipan og fleira. Á fundinum var gengið frá skipulagi á nýja blaðinu (2. tölublaði) sem var 48 síður að stærð og kom út 25. apríl.



Fundur ritnefndar 16. apríl. Frá vinstri: Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS sem annast umbrot blaðsins, Jónas Bjarnason TF3JB formaður og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri. Mynd: María Guðmundsdóttir.

18. apríl – Alþjóðadagur radióamatöra.

Kallmerki ÍRA, TF3WARD, var virkjað annað árið í röð á Alþjóðadag radióamatöra sunnudaginn 18. apríl. Viðskeytið stendur fyrir *World Amateur Radio Day*. Landsfélög radióamatöra um allan heim halda upp á stofndag alþjóðasamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU, sem var þann 18. apríl 1925.

Kallmerkið TF3WARD var virkjað á morsi og tali á HF böndunum og um gervihnöttinn OSCAR 100 til DX fjarskipta og á 2 metrum og 70 sentimetrum til fjarskipta við TF stöðvar innanlands.



Skilyrðin á HF böndunum voru afar erfið þennan dag vegna truflana í segulsviðinu. Allt í allt náðust þó um 200 sambönd, þar af voru 126 QSO um QO 100. TF1A, TF3JB og TF3Y virkjuðu kallmerkið á alþjóðadaginn.

Í ár reyndist ekki unnt að hafa opið hús í Skeljanesi fyrir félagsmenn og gesti á alþjóðadaginn vegna kórónaveirunnar. Við lítum hins vegar bjartsýn til næsta árs (2022). Þá er stefnt að viðtækari starfrækslu TF3WARD, m.a. að félagsmenn (sem áhuga hafa) geti virkjað kallmerkið frá heimastöð, víða um landið. Verkefnið verður undirbúið með góðum fyrirvara, en m.a. þarf að sækja um sérstaka heimild til PFS fyrir þá leyfishafa sem óska að starfrækja kallmerkið frá heimastöð.

Til tals hefur komið, að virkja TF3WARD lengur heldur en á afmælisdaginn sjálfan. Sum landsfélög hafa jafnvel starfrækt sérstök kallmerki með „WARD“ viðskeytinu í allt að einn mánuð, en stjórn ÍRA hefur rætt um að fjölga dögum í loftinu frá einum upp í 7-10, þ.e. þannig að tvær helgar náist í loftinu. Verkefnið verður undirbúið þegar nær dregur.


18. apríl – KiwiSDR viðtæki flutt.

KiwiSDR viðtækið sem var vistað í fjarskiptaaðstöðu ÍRA í Skeljanesi frá 12. desember (eftir flutning úr Bláfjöllum) var flutt á nýjan stað 18. apríl. Nýtt QTH er hjá Erling Guðnasyni, TF3E, í Álfamýri í Reykjavík.



Myndin er af KiwiSDR viðtæki. Samskonar viðtæki eru notuð í Reykjavík, á Bjargtöngum og á Raufarhöfn.

Loftnet sem viðtækið notar á nýja staðnum: Cushcraft MA6V stangarloftnet fyrir 4-54 MHz (sbr. mynd). Viðtækið verður vistað hjá Erling þar til síðar á árinu að það verður flutt á endanlegan stað í Reykjanesbæ. Vefslóð er óbreytt: <http://ira.utvarp.com>



Teikningin sýnir Cushcraft MA6V loftnetið sem notað er hjá TF3E.

Hin tvö viðtækin sem eru virk (yfir netið) eru staðsett á Bjargtöngum í Vesturbyggð og á Raufarhöfn. Vefslóðir: Bjargtangar: <http://bjarg.utvarp.com> og Raufarhöfn: <http://raufarhofn.utvarp.com>

Þakkar til Erlings TF3E að taka að sér viðtækið og til Georgs, TF3GZ, fyrir að lána viðtækið og til Ara, TF1A, fyrir að annast flutning og uppsetningu á nýjum stað.

22. apríl – Neyðarfjarskipti á 40 metrum.

ÍRA bærust upplýsingar um 40 metra tíðni sem tekin var í notkun fyrir neyðarfjarskipti eftir að eldgos hófst á eyjunni St. Vincent í Karibahafi. Gos stóð yfir með hléum frá 29. desember (2020) í eldfjallinu La Soufrière. Mikið öskugos og sprengingar fylgdu gosinu, einkum í apríl og maí.

Umrædd tíðni er 7.188 MHz á LSB. Þess var farið á leit að íslenskir radióamatörar mundu taka tillit til forgangsfjarskipta vegna hamfaranna. Upplýsingum var komið á framfæri á heimasíðu og FB síðum.

Thousands evacuated due to volcano



Neyðarfjarskipti radióamatöra í þessum heimshluta fara reyndar fram á fleiri tíðnum (sem ekki varða okkur í IARU Svæði 1) þar sem St. Vincent (og nágrannaeyjar) eru staðsettar í IARU Svæði 2 þar sem önnur tíðniskipan gildir fyrir 40 og 80 metrana.

23. apríl – Truflanir.

Truflunum var spáð í segulsviðinu frá og með 25. apríl. Spáin gekk eftir og hafði áhrif í vikutíma á skilyrði til fjarskipta á HF og var m.a. mikil norður-ljósavirkni. Vefslóð: <https://spaceweather.com/>

Fyrir áhugasama er fróðlegt og gagnlegt að fylgjast með skilyrðunum á vefsíðu Segulmælingastöðvarinnar í Leirvogi.



Mælingahús háloftadeildar Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands í Leirvogi. Ljósmynd: Raunvísindastofnun.

Þegar vefsíðan hefur verið opnuð sýnir efsta línuritið (Z) styrkleika segulsviðs jarðar í stefnu lóðrétt niður, næsta línurit (H) sýnir láréttan styrkleika sviðsins og neðsta línuritið (D) sýnir áttavítastefnuna. Vefslóð: <http://cygnus.raunvis.hi.is/~halo/leirvogur.html>

24. apríl – Handbókin á tilboðsverði.

Eftirfarandi tilboði frá ARRL var komið á framfæri við félagsmenn á heimasíðu og FB síðum 24. apríl:

„Handbókin“ þ.e. *ARRL Handbook 2021* er boðin á tilboðsverði þessa helgi (24.-25. apríl). Innkaupsverð er \$35 í stað \$49.95. Bókin er alls 1280 blaðsíður að stærð. Notaðu þarf kóðann: HB21.

Vefslóð: <http://www.arrl.org/shop/ARRL-Handbook-2021-Softcover/>

25. apríl – Nýtt tölublað CQ TF

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB ritstjóri, setti eftirfarandi tilkynningu á heimasíðu og FB síður 25. apríl: „Ágætu félagsmenn! Mér er ánægja að tilkynna um útkomu 2. töl. CQ TF 2021 sem nú kemur út á stafrænu formi hér á heimasíðunni. Þakkar til félagsmanna fyrir innsent efni og ekki síst þakkar til Vilhjalms Í. Sigurjónssonar, TF3VS fyrir glæsilegt umbrot. 73 – TF3SB, ritstjóri CQ TF“.

Vefslóð: <https://tinyurl.com/CQTF-2-2021>

Blaðið var að þessu sinni 48 bls. að stærð. Meðal efnis, auk greina frá ritstjóra og formanni:

- Félagsstarfið í Skeljanesi tímabilið frá 27. janúar til 15. apríl.
- Grein um úrslit Páskaleika ÍRA sem haldnir voru 2.-4. apríl.
- Frásögn frá aðalfundi ÍRA 2021 sem haldinn var laugardaginn 13. apríl í Safnaðarheimili Neskirkju. Meðal annars fundargerð aðalfundar, ársreikningur félagssjóðs fyrir árið 2020 og ársskýrsla stjórnar.
- Grein um Íslandsmet TF3ML og TF1JI á 1,2 GHz sem sett var í VHF/UHF leikum ÍRA sumarið 2020.
- Frá félagsstarfinu árið 1977 þar sem segir frá gjöf til TF3IRA frá eiginkonum nokkurra leyfishafa (VHF stöð ásamt húsloftneti).
- Greinin: Fjartengda stöðin mín í sveitinni.
- Greinin: Bættur árangur ? á SSB – framhald.
- Fræðsluhorn ÍRA: Umfjöllun um verðlaunagripi og viðurkenningar sem radióamatörum standa til boða.
- Bókahorn ÍRA: Bókin *The Magic Bands; A guide to 6m and 4m Amateur Radio*.
- Greinin: TF1VHF QRV í þrjú ár; radióvitarnir á 50 MHz og 70 MHz.
- Grein um minningar úr félagsstarfinu árið 2010 (uppsetning VHF og UHF loftneta fyrir TF3IRA í Skeljanesi).
- Fundargerðir stjórnar: (1) Fundur nr. 6 2020/21 frá 5. janúar; (2) fundur nr. 7 2020/21 frá 2. febrúar; og (3) fundur nr. 8 2020/21 frá 2. mars.
- Grein um notkunarheimildir íslenskra radióamatöra á 630 metra bandi.
- Tafla með upplýsingum um helstu DX keppnir 2021; í maí og júní.
- Umfjöllun um QSL kort TF7SF frá árinu 1950. Tafla um DXCC heildarstöðu TF stöðva í apríl 2021.



28. apríl – QSL kort safnast upp.

Mathías Hagvaag, TF3MH, QSL stjóri ÍRA setti eftirfarandi tilkynningu inn á heimasíðu ÍRA og FB síður 28. apríl:

„Uppfærslu merkinga á QSL skáp kortastofu félagsins lauk síðdegis í dag, 28. apríl. TF kallmerki fá merkt hólfr hjá kortastofunni þegar QSL kort merkt þeim byrja að berast erlendis frá.

Vegna þess hve mikið félagsaðstaðan í Skeljanesi var lokuð undanfarna mánuði (vegna Covid- 19) hafa safnast upp kort hjá stofunni þannig að tekið er að þrengjast í mörgum hólfranna. Því er hér með komið á framfæri, að leyfishafar nálgist kortin þar sem kortasendingar erlendis frá eru nú farnar að berast reglulega á ný“.



Myndin sýnir það sem eftir var af radiódótinu sem barst frá dánarbúi TF3GB þann 16. febrúar.

hús og 1 gestur – en allt gekk upp samkvæmt gildandi reglugerð heilbrigðisráðherra um mest 20 einstaklinga í sama rými – þar sem mest voru 19 í salnum samtímis, þ.e. menn mættu og yfirgáfu staðinn á mismunandi tíma, auk þess sem gætt var að loftræstingu.

Margir áttu QSL kort hjá kortastofunni, en kort eru nú tekin að berast á ný frá systurfélögunum um allan heim. Annars voru góðar umræður um áhugamálið, þ.á.m. batnandi skilyrði á HF auk þess sem mikið var rætt um loftnet og ný tæki. Þá sagði Sigurður Kolbeinsson, TF8TN okkur frá því sem er á smíðabörðinu hjá honum um þessar mundir. Einnig kom Hans Konrad Kristjánsson, TF3FG, færandi hendi með meira radiódót sem félögunum mun standa til boða næstu fimmtudagskvöld. Vel heppnaður fimmtudagur og ánægja með að í boði voru kaffiveitingar á ný þetta ágæta vorkvöld í Skeljanesi.



Frá vinstri: Jón G. Guðmundsson TF3LM, Þór Þórisson TF1GW (standandi), Þórður Adolfsson TF3DT, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Georg Kulp TF3GZ, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Mathías Hagvaag TF3MH.



Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Georg Kulp TF2GZ, Jakob Geir Kolbeinsson TF3XO (standandi) og Mathías Hagvaag TF3MH og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS (báðir með bak í myndavél).



Hans Konrad Kristjánsson TF3FG færði í hús meira radiódót fyrir félagana, þ.á.m. mælitæki frá HP og Fluke. Ljósmyndir: TF3JB.

4. maí - TF3E QRV um QO-100.

Erling Guðnason TF3E varð QRV um Es'hail 2 / Oscar 100 gervitunglið í lok apríl. TF3E er fjórða íslenska kallmerkið sem er virkjað til að vinna um gervitunglið, en fyrir eru TF1A, TF3VP og TF3IRA. Erling notar Adalm-Pluto SDR 10 mW sendi-/viðtæki fyrir 60 MHz til 3,8 GHz.

Erling Guðnason TF3E
virkjar félagsstöðina TF3IRA
í Skeljanesi um Oscar 100
gervitunglið í október 2019.
Ljósmynd: TF3JB.



Hann notar tvo RF magnara þar fyrir aftan sem gefa honum út allt að 20W á 2.4 GHz. Erling er síðan með tvö diskloftnet, 40 cm fyrir sendingu og 60 cm fyrir viðtöku.



Adlam-Pluto
SDR
sendi-/viðtækið
vinnur á 60
MHz til 2.4
GHz.
Innkaupsverð
hjá Mouser
Electronics er
133 evrur.

Erling sagðist aðspurður (4. maí), að hann væri mjög ánægður með búnaðinn sem tryggir honum sambönd allan sólarhringinn við amatörstöðvar um heiminn. Þann dag var hann t.d. búinn að hafa sambönd við stöðvar í ZS, VS og í 4X4, auk Evrópulanda. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, var Erlingi innan handar við frágang og uppsetningu.



Diskloftnetin eru fest
fyrir utan gluggann á
íbúðinni. 60 cm
diskurinn (neðri) er
fyrir viðtöku og 40 cm
diskurinn (efri) er fyrir
sendingu. Ljósmynd:
TF3E.

5. maí - 50 MHz tíðnisviðið lifnar.

Heimir Konráðsson TF1EIN í Hveragerði var QRV á 6 metrum í hádeginu þann 5. maí.

Hann var þá nýbúinn að setja upp nýtt sambyggt stefnuvirk loftnet fyrir 50 MHz og 70 MHz, þegar skilyrðin opnuðust á 6 metrum niður til Evrópu. Þetta eru líklega fyrstu DX skilyrðin á 6 metra bandinu í ár.



Heimir, TF1EIN.

Loftnetið er 9 elementa Yagi frá EAntenna, gerð 5070-OWA9. Það er 4 el. á 6 m. og 5 el. á 4 m. Ávinningur: Annars vegar 9,13 dBi og hins vegar 10,26 dBi. Bóma: 3,55 m. og þyngd: 7 kg. Heimir er ánægður með nýja loftnetið segir það kom vel út bæði á 4 metrum og 6 metrum.



EAntenna 070-OWA9 er 9 elementa Yagi loftnet fyrir 50 og 70 MHz böndin. Ljósmynd: TF1EIN.

5. maí - Útihurð í Skeljanesi.

Skipt var hurðarhúnninn á útihurðinni í Skeljanesi þann 5. maí. Georg Kulp, TF3GZ, sem er trésmíðameistari, mætti vaskur á staðinn og skipti húninum út fyrir nýjan. Hvílikur munur, samanber meðfylgjandi ljósmyndir.



Gamli hurðarhúnninn
hafði dugað vel.



Nýr hurðarhúnn kominn
á sinn stað.

6. maí – Radiódót frá TF3WS.

Sigurður Harðarson, TF3WS sagðist hafa verið að taka til í bílskúrnum hjá sér þegar hann færði félaginu í framhaldi radiódót af ýmsu tagi þann 6. maí.

Þrátt fyrir nýja uppröðun á borðinu með restinni af dótinu úr dánarbúi TF3GB dugði plássið ekki til og var því gripið til þess að færa hitt hvíta borðið (sem ÍRA fékk að gjöf í febrúar) og stilla upp fyrir framan það fyrra.

Loksins þá, komst allt fyrir, sbr. meðfylgjandi ljósmynd.



Dótið frá Sigurði TF3WS er á hvíta borðinu og u.þ.b. helmingur á hinu. Margt nýtilegt.

10. maí – Þrjár YOTA keppnir 2021.

Vinnuhópur ungra radióamatöra innan IARU Svæðis 1 hefur kynnt nýjung í ungmennastarfinu. Um er að ræða sérstakar 12 klst.



„YOTA keppnir” sem verða haldnar í maí, júlí og desember ár hvert og eru opnar öllum radióamatörum.

Fyrsta keppnin verður haldin laugardaginn 22. maí n.k. frá kl. 08:00-19:59 á morsi (CW) og tali (SSB) á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Skilaboð eru RS(T) + aldur. Sambönd innan Evrópu gefa 1 punkt og utan Evrópu 3 punkta. Fjöldi margfaldara ræðst af aldri í samböndunum. Sjá nánar keppnisreglur með því að smella á slóðina: <https://tinyurl.com/YOTAreglur>.



Elín, TF2EQ.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA, segir að allir hlakki mjög mikið til 22. maí n.k. og hún vonast til að sem flestar TF stöðvar taki þátt. Hún verður sjálf QRV á SSB frá Hollandi þar sem hún hefur fengið úthlutað eigin kallmerki, PA2EQ.

12. maí – Icom IC-7300 í 5 ár á markaði.

Í síðasta aprílmánuði 2021 voru liðin 5 ár frá því Icom setti IC-7300 stöðina fyrst á markað. Samkvæmt upplýsingum á netinu er hún nú mest seld HF sendi-/móttökstöðin fyrir radióamatöra í heiminum í dag. Stöðin er einnig mest seld HF stöðin frá upphafi hér á landi, en a.m.k. 129 eintök af þessari gerð hafa verið keypt til landsins.



Vakin er athygli á nýjustu uppfærslu hugbúnaðar fyrir IC-7300 sem m.a. er kynnt á heimasíðu Richard, KØPIR; „Firmware V1.40“. Þar er ágæt umfjöllun um helstu nýjungar, sem hafa líkað mjög vel. Vefslóð: <https://www.k0pir.us/icom-7300-firmware-v1-40-3-big-improvements/>

14. maí – Góð skilyrði á HF og hærri tíðnum.

Áhugaverð skilyrði hafa verið í byrjun maímánaðar á HF böndunum og ofar. Sólblettafjöldi stendur í 24 í dag og flux'inn er 74 þegar þetta er skrifað 14. maí.



Glæsilegt 6 elementa LFA Yagi loftnet Hrafnkels Sigurðssonar TF8KY á 50 MHz er frá InnovAntennas. Ljósmynd: TF8KY.

TF stöðvar hafa haft mikið af góðum DX samböndum á HF og var Kyrrahafið t.d. galopið snemma í morgun (14. maí) á 14 MHz, auk þess sem Evrópa hefur meira og minna verið opin undanfarna daga á 50 MHz og 70 MHz böndunum.

Góðum skilyrðum er spáð áfram.

15. maí – Vísending um virkni.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) vikuna 9.-15. maí 2021. Samskonar samantektir voru gerðar í janúar, febrúar og apríl.

Alls fengu 16 TF kallmerki skráningu. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8 og FT4), en einnig á morsi (CW), tali (SSB) og fjarvélritun (RTTY) á 4, 6, 15, 17, 20, 30, 40 og 60 metrum.

Kallmerki fær skráningu þegar erlendur leyfishafi eða hlustari hefur haft samband við eða heyrir í TF kallmerki. Upplýsingarnar eru fengnar á <http://www.dxsummit.fi/#/> Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanturðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund/-ir útgeislunar og band/bönd sem kallmerki fær skráningu á:

TF1A	FT8 á 6 m.
TF1EIN	FT8 á 6 og 60 m.
TF1OL	FT8 á 20 m.
TF1VHF	CW á 4 og 6 m.
TF2MSN	FT4, FT8 og SSB á 4, 20, 40 og 60 m.
TF3AO	RTTY á 20 m.
TF3DT	FT8 á 15 og 40 m.
TF3JB	CW og FT8 á 17 og 30 m.
TF3MH	FT8 á 17 og 30 m.
TF3VE	FT8 á 6 m.
TF3VG	FT8 á 6 m.
TF3VS	FT8 á 40 m.
TF4M	CW á 20 m.
TF5B	FT8 á 17 og 30 m.
TF8KY	FT8 á 6 m.
TF8SM	FT8 á 4 m.



Myndin sýnir glæsilega fjarskiptastöðu Brynjólfs Jónssonar TF5B á Akureyri sem var virkur vikuna 9.-15. maí. Ljósmynd: TF5B.

17. maí – IC-7300 stöð uppfærð.

Hugbúnaður Icom IC-7300 stöðvar TF3IRA var uppfærður 17. maí. Stöðin var með hugbúnað merktur 1.3 en var uppfærð í hugbúnað 1.4. Nýja uppfærslan hefur verið í boði frá því í byrjun mars og hefur fengið góða umsögn frá leyfishöfum og býður upp á aukna möguleika og stillingar, sbr. umræður á netinu [sem og á FB síðum innanlands].



Hugbúnaður Icom IC-7300 stöðvar TF3IRA var uppfærður í útgáfu 1.4 þann 17. maí.

18. maí – Endurnýjun 70 MHz heimildar.

ÍRA barst jákvætt svar frá Póst- og fjarskiptastofnun 7. desember 2020 við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 70.000-70.250 MHz. Tilraunaheimildin var endurnýjuð til næstu 2 ára, þ.e. til 31.12.2022.

Mikilvægt er að leyfishafar sem hafa áhuga á að stunda fjarskipti í 70.000-70.250 MHz tíðnisviðinu (á 4 metrum) sendi beiðni þess efnis til Póst- og fjarskiptastofnunar áður en sendingar eru hafnar. Póstfang er: hrh hjá pfs.is eða pfs hjá pfs.is Tilgreina skal, að sótt sé um heimild fyrir nýtt tímabil, 1.1.2021.-31.12.2022.




Nýrri HF stöðvar fyrir radióamatöra eru gjarnan búnar 50 og 70 MHz tíðni-sviðunum. Þ.á.m. er Kenwood TS-890S sem er búin 50W sendi á 4 metrum.

Eftirfarandi skilyrði eru lögð til grundvallar: (1) Hámarksbandbreidd er 16 kHz. Engin skilyrði hvað varðar mótun; (2) hámarks útgeislað afl er 100W; (3) heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax og (4) kallmerki skal notast í upphafi og lok fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir.

19. maí – Nýr radióviti á 40 MHz.

Nýr radióviti, EI1CAH, varð virkur 17. maí á 40.016 MHz á 8 metra bandi. Hann sendir út á morsi og PI4 (Pharuslgnis4) stafrænni tegund útgeislunar (MGM). Sendiafl er 25W og loftnet er láréttur tvíþóll. QTH er skammt frá Galway á Vestur-Írlandi.



Reiknuð útbreiðsla fyrir merki frá radióvitunum EI1CAH sem er staðsettur skammt frá Galway á vesturströnd Írlands.

Í fróðlegri grein Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS, í 1. tbl. CQ TF 2021, bls. 41, um radióvita á 40 MHz, er m.a. gerð grein fyrir þremur vitum í sviðinu, en 9. febrúar s.l. bættist 4. vitinn við, S55ZMS í Slóveníu, og nú EI1CAH sem er sá 5. frá vesturströnd Írlands. Þessir radióvitar eru QRV í dag:

EI1CAH – 40.016 MHz (Galway Írlandi).

EI1KNH – 40.013 MHz (Cork Írlandi).

S55ZMS – 40.670 MHz (Murska Sobota Slóveníu).

OZ7IGY – 40.071 MHz (Jystrup Danmörku).


ZS6WAB – 40.675 MHz (Polokwane S-Afríku).

Vefslóð á upplýsingar um EI1CAH:

<https://tinyurl.com/EI1CAH>

27. maí – Fjarskiptaherbergi TF3IRA.

Nýjar fjarskiptadagbækur voru prentaðar út og gerðar klárar fyrir fjarskiptaborð A og C þann 27. maí. En þann mánaðardag var fjarskiptaherbergi félagsins opnað á ný eftir að hafa verið lokað í nær 1 ár vegna Covid-19 faraldursins (að vísu aðeins opið fyrir 3 félaga samtímis, að byrja með).



Við sama tækifæri var hengd upp á tilkynningatöfluna í fjarskiptaherberginu nýjasta stjórnarfundargerðin (frá 25. mars) ásamt upplýsingablaði.

27. maí – Opið í Skeljanesi 27. maí.

Það var ágæt mæting og létt yfir mannskapnum á báðum hæðum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi fimmtudaginn 27. maí. Fjarskiptaherbergi TF3IRA var opið í fyrsta skipti í tæpt ár (vegna Covid-19) en mest 3 félagar máttu vera í húsnæðinu þar samtímis en 2 félagar í herbergi QSL stofunnar.



Sjaldan skortir umræður við stóra fundarborðið. Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél), Sigurður Eliasson TF3-044, Eiður Kristinn Magnússon TF1EM og Baldvin Þórarinsson TF3-033.



Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A skoða Belka DX og Malahit-DSP ferðaviðtækin í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmyndir: TF3JB.

Mikið var rætt um loftnet og skilyrðin almennt og sérstaklega í ljósi truflana vegna segulstorma að undanförmu, útbreiðslu í VHF og UHF tíðnisviðunum og mismunandi gæði fæðilína. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, færði á staðinn tvö splunkuný „all mode“ ferðaviðtæki, Malahit-DSP (50 kHz til 2 GHz) og Belka DX (1,5-31 MHz). Lítil fyrirferð, góð tæknileg geta og ótrúlega góð hljómgæði.

Vefslóð; Malahit-DSP: <https://tinyurl.com/j8etwxjb>

Vefslóð; Belka DX: <https://tinyurl.com/BelkaDXdsp>

Alls mættu 15 félagar og 1 gestur í Skeljanesi þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu sumarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

30. maí – Carl J. Lilliendahl, TF3KJ, er látinn.

Carl Jóhann Lilliendahl, TF3KJ, hefur haft sitt síðasta QSO; merki hans er hljóðnað. Samkvæmt upplýsingum frá syni hans, Karli R. Lilliendahl til félagsins lést hann á hjartadeild Landspítalans í Reykjavík. Hann var á 75. aldursári; handhafi leyfisbréfs nr. 94.



Um leið og við minnumst Carls með þökkum og virðingu færum við fjölskyldu hans innilegustu samúðarkveðjur.

30. maí – Auknar aflheimildir á 50 MHz.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir íslenskum radióamatörum auknar aflheimildir í 50-50,5 MHz tíðnisviðinu á 6 metrum, frá og með 1. júní 2021. Gildistími er 3 mánuðir eða til 31. ágúst n.k. G-leyfishafar fá heimild til að nota allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100W.

Eftirfarandi skilyrði eru lögð til grundvallar: (1) Hámarks bandbreidd sendinga er 18 kHz; (2) Engin skilyrði hvað varðar mótun; (3) Heimild er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax;

(4) Æskilegt er að sendingar fari fram utan byggðar; og (5) Ákvörðun um framlengingu verður tekin síðar. Leyfishafar þurfa að sækja sérstaklega um heimild hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Póstfang er: hrh hjá pfs.is Tilgreina skal að sótt sé um aukið afl á 50 MHz. Stjórn ÍRA fagnar þessari heimild.

Fyrir áhugasama, er bent á ítarlega greinargerð um 6 metra bandið hér á landi í ársskýrslu ÍRA 2020/21; bls. 97-100. Vefslóð: tinyurl.com/arsskyrsla2021



Á myndinni má m.a. sjá Icom IC-7410 HF/50 MHz sendi-/móttöku-stöð, stillta á tíðnina 50.456 MHz. Radióvitinn TF1VHF sendir merki á þeirri tíðni allan sólarhringinn frá Mýrum í Borgarfjarðarsýslu. Lesa má grein um vitana á 50 MHz og 70 MHz í 2. tbl. CQ TF 2021, bls. 39. Vefslóð: tinyurl.com/CQTF-2-2021 Ljósrm.: TF3JB.

30. maí – Sunnudagur í Skeljanesi.

Fjarskiptaherbergi TF3IRA var opnað á ný 27. maí eftir að hafa verið lokað í tæpt 1 ár vegna Covid-19. Ekki var því seinna vænna að gera fjarskiptaherbergið „klárt“ (þótt aðeins 3 félagar meggi vera þar samtímis...a.m.k. til að byrja með). Það var vaskur hópur sem mætti til verka eftir hádegið sunnudaginn 30. maí): Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A; Georg Kulp,




Kenwood TS-2000 gervihnattastöð TF3IRA sendir út of lítið afl á 2.4 GHz. Allsherjar bilanagreining var framkvæmd og er líklegast að um bilun sé að ræða í SMA-tengi við GHz loftnetið (úti við loftnetsdiskinn).

TF3GZ og Jónas Bjarnason, TF3JB. Eftirfarandi var gert:

- Kenwood TS-2000 gervihnattastöð TF3IRA var yfirfarin sem og allar tengingar við diskloftnetið. Allt reyndist í góðu lagi, þ.e. kaplar og tengingar, þ.m.t. „transverter“ og fylgibúnaður. Sendiafl mælist hins vegar of lágt og er líklegast að bilun sé í tengi við GHz sendinetið. Verður kannað nánar.

- Georg, TF3GZ, setti upp Diamond SX-200N VHF/UHF húsloftnetið við Icom IC-208H APRS stöð félagsins, TF3IRA-1Ø (í stað J-póls loftnets). Diamond 200 netið var áður í notkun við félagsstöðina, en hafði bilað og var nú viðgert af Ara.
- Ari, TF1A og Georg, TF3GZ, skiptu um „ethernet switch“ í herberginu. Netgear rofinn er fjölhæfari og hraðvirkari, auk þess að vera skermaður. Við breytinguna hurfu truflanir á 14 MHz (og HF) sem áður hafa „plagað“ fjarskiptin frá félagsstöðinni.
- Þeir félagar grisjuðu enn fremur [og skiptu um] snúrur og settu skermaðar að baki fjarskiptaborða A og B. Góð breyting tæknilega en einnig útlitslega.



Ari Þórólfur og Georg „grisja“ og skipta út millisnúrum (fyrir skemaðar) að baki fjarskiptaborðs „B“.


- Georg, TF3GZ, endurstillti og uppfærði föstu tíðnirnar í Yaesu FT-7900E VHF/UHF stöðinni. Mikill munur, því nú eru endurvarparnir rétt merktir á stöðinni.
- Icom IC-7610 þarfnast hugbúnaðaruppfærslu úr 1.20 í 1.30. Ekki vannst tími til uppfærslunnar en verður gert fljótlega. Icom IC-7300 stöð félagsins fékk hugbúnaðaruppfærslu í 1.40 fyrir nokkru síðan.



Georg Kulp TF3GZ forritar rásir endurvarpana á VHF og UHF tíðnum til innsetningar í Yaesu FT-7900E stöð TF3IRA. Ljósmyndir: TF3JB.

3. júní – Góð mæting í Skeljanes.

Góð mæting var í félagsaðstöðuna 3. júní, þrátt fyrir skertan opnunartíma þar sem opnun í Skeljanesi var auglýst frá kl. 21:00 vegna þess að fundarsalurinn var upptekinn vegna upprifjunartíma hjá þátttakendum á námskeiði ÍRA til amatörleyfis.



Merkingar voru hengdar upp við inngöngu í fundarsalinn til að trufla ekki námskeiðið.

Að þessu sinni var fjarskiptaherbergið opið annað opnunarkvöldið í röð, en þurft hefur að halda því lokaðu vegna Covid-19 næstum því í heilt ár. Einnig var herbergi QSL stofunnar opið.



Við stóra fundarborðið. Frá vinstri: Jón Björnsson TF3PW, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Pálmi Ólafur Árnason og Kjartan Birgisson TF1ET.



Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og Mathías Hagvaag TF3MH ræða málin.

Líkt og fram hefur komið áður, endurforritaði Georg Kulp, TF3GZ og uppfærði, föstu tíðnirnar nýlega í Yaesu FT-7900E VHF/UHF stöð félagsins. Menn voru m.a. að prófa stöðina á meðan þess var beðið að salurinn losnaði. Allir endurvarparnir komu vel inn og þegar Búri var lyklaður kom hann upp á S7 á mæli. Til upprifjunar má geta þess, að nýtt Diamond

X-700HN VHF/UHF loftnet sett upp fyrir fyrir TF3IRA í fyrrasumar (2020) sem hefur komið mjög vel út. Loftnetið er 7.20 metrar á hæð. Það er samsett úr fjórum “stöckkuðum” 5/8 loftnetum á VHF; ávinningur er 9.3 dBi. Á UHF er það samsett úr 11 “stöckkuðum” 5/8 loftnetum; ávinningur er 13 dBi.

Alls mættu 14 félagar og 2 gestir í Skeljanes þetta vindasama en ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

5. júní – Próf PFS til amatörleyfis.

Próf Póst- og fjarskipta-



stofnunar til amatörleyfis fór fram í félagsaðstöðu

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

ÍRA 5. júní. Alls þreyttu fimm prófið. Fjórir náðu fullnægjandi árangri, þar af þrír til G-leyfis og einn til N-leyfis.

- Arnlaugur Guðmundsson, TF3RD, 101 Reykjavík (G-leyfi).
- Jón E. Guðmundsson, TF8KW, 230 Reykjanesbæ (N-leyfi).
- Kjartan Birgisson, TF1ET, 109 Reykjavík (G-leyfi).
- Pálmi Árnason, 110 Reykjavík TF3PO (G-leyfi).

Prófnefnd ÍRA annaðist framkvæmd að viðstöddum fulltrúa PFS. Prófað var í raffræði og radiótækni og reglum og viðskiptum. Prófið hófst kl. 10 árdegis og lauk með prófsýningu kl. 15. Bæði prófin voru skrifleg en einn próftaki þreytti munnlegt próf.

Fulltrúar prófnefndar: Kristinn Andersen, TF3KX, formaður; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; Einar Kjartansson, TF3EK; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS; og Yngvi Harðarson, TF3Y. Fulltrúi PFS: Bjarni Sigurðsson.

Fulltrúar stjórnar ÍRA: Jón Björnsson, TF3PW; Jónas Bjarnason, TF3JB; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.



Fimm þreyttu prófið. Prófið var tvískipt: a) Raffræði og tækni og b) Reglur og viðskipti. Ljósmyndir: TF3JB.

Að þessu sinni voru leiðbeinendur alls 9 á námskeiðinu (í stafrófsröð): Andrés Þórarinnsson, TF3AM; Ágúst Úlfar Sigurðsson, TF3AU; Haukur Konráðsson, TF3HK; Henry Hálfðánarson, TF3HRY; Hörður Mar Tómasson, TF3HM; Jón Björnsson, TF3PW, Jónas Bjarnason, TF3JB, Kristinn Andersen,



Prófsýning hófst stundvíslega kl. 15:00. Þátttakendur fengu úrlausnir afhentar til skoðunar og formaður prófnefndar fór yfir rétt svör. Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Einar Kjartansson TF3EK prófnefnd, Jón E. Guðmundsson, Júlía Guðmundsdóttir, Pálmi Árnason, Arnlaugur Guðmundsson, Jón Björnsson TF3PW umsjónarmaður námskeiða félagsins, Yngvi Harðarson TF3Y prófnefnd, Kjartan Birgisson (snýr baki í myndavél) og Kristinn Andersen TF3KX, formaður prófnefndar ÍRA.

TF3KX; Óskar Sverrisson, TF3DC, Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX.

Stjórn ÍRA færir Jóni Björnssyni, TF3PW, umsjónarmanni námskeiðsins og leiðbeinendum þakkir fyrir vel unnin störf. Það sama á við um Kristinn Andersen, TF3KX, formann prófnefndar og prófnefndarmenn, sem sinntu störfum faglega og af alúð. Þá er Bjarna Sigurðssyni, fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar þökkuð fagleg aðkoma að verkefninu.

Síðast, en ekki síst, innilegar hamingjuóskir til nýrra leyfishafa.

5. júní – CQ WW WPX CW keppnin 2021.

Morshluti CQ World Wide WPX keppninnar 2021 fór fram 29.-30. maí. Að þessu sinni kepptu fjórar TF stöðvar í þremur keppnisflokkum, auk þess sem viðmiðunardagbækur (e. check-log) voru sendar til keppnisstjórnar CQ tímaritsins fyrir þrjú kallmerki.



- TF1AM – Öll bönd, háafl.
- TF3VS – Öll bönd, lágafl.
- TF3Y – 20 metrar, háafl.
- TF/KA1IS – Öll bönd, lágafl.
- TF3DC, TF3JB og TF3SG sendu inn viðmiðunardagbækur (e. check-log).

8. júní – Málningarvinna í Skeljanesi.

Röskir félagar mættu í Skeljanes í hádeginu þriðjudaginn 8. júní. Á dagskrá var að mála langa bárujárnsgrindverkið fyrir utan Skeljanes til að hylja veggjakrot sem hafði verið sett á grindverkið nýlega. Verkefnið gekk eftir og upp úr kl. 14 var því lokið.



Byrjað var á að mála langa bárujárnsgrindverkið fyrir utan Skeljanes 8. júní. Aðkoman að húsinu lítur strax betur út.



Svona leit bárujárnsgrindverkið út áður en byrjað var að mála yfir veggjakrotið. Ljósmyndir: TF3JB.

Þakkar til Flügger lita fyrir góðan afslátt til félagsins á fjölakrýl málningu frá fyrirtækinu.

12. júní – Radiódót úr dánarbúi TF3GB.

Ársæll Óskarsson, TF3AO, Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN og Þór Þórisson, TF1GW mættu í Skeljanes laugardaginn 12. júní. Erindið var að færa í hús síðari sendingu af radiódóti úr dánarbúi Bjarna Sverrissonar, TF3GB. Þór Þórisson, TF1GW hafði áður fært félaginu radiódót frá dánarbúinu þann 16. febrúar s.l.



Dótið komið upp í fundarsalinn í Skeljanesi. Framundan er töluverð vinna að fara yfir og flokka tæki og hluti. Mjög margt er af nýtanlegum tækjum, búnaði, ýmsum smátækjum, ihlutum og lofnetæfni sem verður komið á framsæri við félagsmenn. Ljósmyndir: TF3JB.

Að þessu sinni var um meira magn að ræða og komu þeir félagar á tveimur fólksbifreiðum og sendiferðabíl með dótið í Skeljanes. Margt nýtilegra hluta er í sendingunni. Hugmyndin er að geyma sumt af því og bjóða til sölu á flóamarkaði félagsins sem verður



Þór Þórisson TF1GW, Ársæll Óskarsson TF3AO og Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN í salnum í Skeljanesi.

haldinn þegar Covid-19 aðstæður leyfa. Stjórn ÍRA þakkar aðstandendum Bjarna heitins og þeim TF3AO, TF3PPN og TF1GW fyrir að hafa milligöngu um að koma dótinu til félagsins.

16. júní – Radiódót flokkað.

Vaskur flokkur félaga mætti í Skeljanes upp úr hádegi miðvikudaginn 16. júní og tók til hendinni við flokkun radiódótsins frá dánarbúi TF3GB. Þeir sem mættu á staðinn: Ásgeir H. Sigurðsson, TF3TV, Jónas Bjarnason, TF3JB, Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL og Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB.



Létt yfir mönnum í Skeljanesi 16. júní. Frá vinstri: Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Ásgeir H. Sigurðsson TF3TV. Ljósmynd: TF3JB.

Verkefni dagsins var að grófflokka dótið og gekk það eftir og var því lokið laust fyrir kl 17. Hugmyndin er síðan að mæta einn dag til viðbótar og þá verði hægt að ganga frá því sem eftir er, en sumt verður geymt og fer á uppboð á flóamarkaði félagsins en annað verður til dreifingar til félaganna á fimmtudagskvöldum samkvæmt „fyrstur kemur – fyrstur fær“. Miðað er við að hver félagi geti fengið allt að þrjá hluti á hverju fimmtudagskvöldi.

17. júní – Hátíðarkveður til félagsmanna.

Eftirfarandi kveðja var send til félagsmanna og fjölskyldna þeirra í tilefni 17. júní á heimasíðu ÍRA og FB síðum:



Íslenski þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17. júní ár hvert. 17. júní var fæðingardagur Jóns Sigurðssonar, sem var helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld.

Til þess að minnast hans var fæðingardagurinn valinn sem þjóðhátíðardagur Íslendinga þegar lýðveldið Ísland var stofnað þann 17. júní árið 1944. Hátíðarkveður til félagsmanna og fjölskyldna þeirra á þjóðhátíðardaginn 2021.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi verður næst opin fimmtudaginn 24. júní n.k. Stjórn ÍRA.

18. júní – Fjögur ár frá uppfærslu heimasíðunnar.

Rúm 4 ár eru liðin frá því núverandi heimasíða ÍRA var uppfærð og sett á vefinn. Það gerðist 9. mars 2017. Í raun stórvirki og Ölvir Sveinsson, TF3WZ lyfti svo sannarlega Grettistaki með framúrskarandi góðu framlagi. Heimasíðan er okkur dýrmæt enda miðill bæði til kynningar á áhugamálinu og félaginu sem og til að vera í sambandi við félagsmenn.



Ölvir Sveinsson TF3WZ.

Þetta er gert að umtalsefni hér vegna þess að vinna hófst fyrir nokkru við uppfærslu einstakra undirsíða og er stefnt að því að ljúka því verkefni fyrir 75 ára afmælið 14. ágúst.

24. júní – Vísbinding um virkni 17.-23. júní.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. cluster) vikuna 17.-23. júní 2021. Samskonar samantektir voru gerðar í janúar, febrúar, apríl og maí á þessu ári.

Alls fengu 18 TF kallmerki skráningu að þessu sinni. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT8 og FT4), en einnig á morsi (CW) og tali (SSB) á 4, 6, 10, 12, 15, 17, 20 og 30 metrum. Upplýsingarnar eru fengnar á <http://www.dxsummit.fi/#/>. Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar.

Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund/-ir útgeislunar og band/bönd:

TF1A	FT8 á 4, 6, 10, 17 og 30 metrum.
TF1EIN	FT8 og SSB á 4 og 6 metrum.
TF1OL/P	FT8 á 6 metrum.
TF1VHF	CW á 4 og 6 metrum.
TF2CT/P	FT8 á 6 og 10 metrum.
TF2MSN	FT4, FT8 og SSB á 4, 6, 12 og 20 metrum.
TF3DT	FT8 á 12, 15 og 20 metrum.
TF3DX/P	CW á 20 metrum.

TF3IG	FT4 á 20 metrum.
TF3JB	FT8 á 6 metrum.
TF3LB	FT8 á 4 og 6 metrum.
TF3MH	FT8 á 15 og 17 metrum.
TF3VE	FT8 á 6 og 17 metrum.
TF3VG	FT8 á 6 og 10 metrum.
TF3VS	FT8 á 10, 12 og 17 metrum.
TF5B	FT8 á 15 og 17 metrum.
TF8KY	FT8 og SSB á 6 metrum.
TF8SM	FT8 á 4 metrum.

Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.



Glæsileg fjarskiptabífreidd Ólafs Arnar Ólafssonar TF1OL. Ólafur var QRV þessa viku sem TF1OL/P, m.a. frá Vatnsendahæð í Kópavogi. Loftnetið er LFA Yagi á 50 MHz frá InnovAntennas Ljósmynd: TF1OL.

24. júní – Radiódót frágengið.

Vinnu lauk endanlega við flokkun radiódótsins frá dánarbúi TF3GB 24. júní. Verkefnið var búið að standa yfir frá 12. júní, þegar radiódót TF3GB barst okkur í Skeljanes.

Eins og sjá má á meðfylgjandi ljósmyndum var dóti sem félagarnir geta haft með sér heim, dreift á tvö hvítu borðin (sem voru fyrir), auk þess sem bætt var við tveimur stærri borðum (við bókahillurnar) og lágborðinu í horninu til vinstri (þar sem ræðupúltið okkar var áður). Vír- og kóaxefni var komið fyrir í horninu við hliðina á hvítu borðunum.

Dót var tekið frá fyrir félagið sem hugsað er til sölu á flóamarkaðnum í haust og var sett í kassa og þeim komið fyrir annars staðar til bráðabirgða. Hver kassi



Hvítu borðin tvö voru vel áhlaðin dóti sem og gluggakistan á bakvið.



Stærri borðin tvö voru staðsett við bókahillurnar í salnum.



Lágborðið var þakið spennum af ýmsum gerðum og vírar og vírloftnetum var komið fyrir hægra megin við það í horninu. Ljósmyndir: TF3JB.

var merktur með innihaldi, þannig að gott er að átta sig á hvaða hlutir eru hvar, auk þess sem kassarnir eru nánast gegnsærir.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB og Reynir Björnsson, TF3JL mættu á staðinn til aðstoðar 24. júní og Baldvin Þórarinnsson, TF3-Ø33 flutti það sem af gekk í Sorpu.

Stjórn ÍRA þakkar öllum sem höfðu aðkomu að þessu verkefni: Þór Þórsson, TF1GW; Ársæll Óskars-son, TF3AO og Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN sem færðu dótið á staðinn frá aðstandendum; Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL; Reynir Björnsson, TF3RL, Sigur- björn Þór Bjarnason, TF3SB og Ásgeir H. Sigurðsson, TF3TV sem aðstoðuðu við flokkun (og grófflokkun) og TF3-Ø33 flutti það sem gekk af í sorpeyðingu. Jónas Bjarnason, TF3JB hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd stjórnar.

25. júní – Alþjóðleg keppni í nafni Spánarkonungs.

Eftirfarandi tilkynning var sett inn á heimasíðu og FB síður 25. júní:

Landsfélag radióamatöra á Spáni, La Unión de Radioaficionados Españoles URE, býður til alþjóð- legrar keppni í nafni hans hátignar, Filipe IV. Spánar- konungs, 26-27. júní.



Þetta er 24 klst. keppni á SSB sem hefst kl. 12:00 á hádegi laugardaginn 26. júní og lýkur á sama tíma á hádegi sunnudag 27. júní. Keppnin er opin radióamatör- um um allan heim og fer fram á SSB á 1.8, 3.5, 7, 14, 21 og 28 MHz. Markmiðið er að ná samböndum við radió- amatöra á Spáni í eins mörgum stjórnsýslueiningum (sýslum) og frekast er unnt. Spænskir leyfishafar senda RS+two bókstafi sem eru skammstöfun á því stjórn-

sýsluudmæmi (sýslu) þar sem þeir eru búsettir. Aðrir senda RS+raðnúmer. Sjá nánar í keppnisreglum.

Vefslóð: <https://tinyurl.com/UREcontest>

26.-27. júní – Loftnetavinna í Skeljanesi.

Georg Kulp, TF3GZ átti tíma aflögu laugardaginn 26. júní, kom við í Skeljanesi og setti upp loftnet fyrir TF3IRA á 160 metrum. Loftnetið er 78 metra langt vírnet; endafædd hálfbylgja. Það var keypt tilbúið frá HEC fyrirtækinu, gerð „HyEndFed 160 Meter Monoband“.



Tengikassinn fyrir nýja 160 metra loftnetið skrúfaður fastur.

Loftnetið er lagt frá húsinu út í turninn og fer þaðan í 45° (eilitið niðurhallandi) í austurátt þar sem það er fest í 4 metra hátt vatnsrör sem var reist með samsíðafestingu við einn af girðingarstaurunum sem þarna eru.



Gengið frá fæðilunni í loftnetskassann.

Jónas Bjarnason, TF3JB varð samferða Georg í Skeljanesi sunnudaginn 27. júní þegar gengið var frá fæðingu á loftnetinu og tengingu inni í fjarskiptaherberginu. Standbylgja mældist 2,2 á 1810 kHz. Prófað var að hlusta eftir merki frá TF3IRA á morsi á 1825 kHz í KiwiSDR v iðtækinu á Látrabjargi og mældist merkið S9 á mæli þar (sendiafl TF3IRA var 10W).

Loftnetið kemur í réttri lengd (78 metrar) fyrir lægstu tíðnina á 160 metrum (1810 kHz). Styttu má þá lengd (ef þarf) og færir hver metri sem klipptur er af „resónans“ upp um 100 kHz. Næstu skref eru að sjá hvaða áhrif það hefur að auka fjarlægðina frá vír út í



Sent var “test de TF3IRA” á morsi frá félagsstöðinni á 10W á 1825 kHz og var merkið S9 á KiwiSDR viðtækið á Látrabjargi. Ljósmyndir: TF3JB.

turn og hækka endastólpann ca. í 6 metra. Uppgefin bandbreidd er 140 kHz.

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir frábært vinnuframlag.

28. júní – Félagsblað URE 1949-2020.

Landsfélag radióamatöra á Spáni, *La Unión de Radioaficionados Españoles URE*, hefur ákveðið að bjóða radióamatörum um allan heim opinn aðgang að heildarsafni félagsblaðs þeirra, *Radio-Aficionados*, frá 1949 til 2020. Um er að ræða gríðarmikið efni sem varðar áhugamálið á þessu langa tímabili.



Fram kemur á heimasíðu URE, að yfirfærsla blaðsins á PDF form hafi tekið um tvö ár, en flest árin komu út 11 tölublöð á ári. Blaðið er á spænsku, en auðvelt er t.d. að kalla fram enska þýðingu með aðstoð Google Translate. Vefslóð: <https://tinyurl.com/URE-safn>

Stjórn ÍRA þakkar URE fyrir boðið sem hér með er komið á framfæri við félagsmenn.

29. júní – VHF/UHF leikar ÍRA 2021.

VHF/UHF leikarnir fara fram helgina 9.-11. júlí. Þetta er 10. árið sem þeir eru haldnir, en leikarnir fóru fyrst fram sumarið 2012. Í ár er 5. árið sem Hrafnkell verður með sérstakan vef fyrir leikana. Hrafnkell setti eftirfarandi skilaboð inn á heimasíðu og FB síður 29. júní:



Hrafnkell Sigurðsson
TF8KY.

Sælir kærur félagar!

VHF/UHF leikjahelgin er að renna upp. Þetta verður hrikalega gaman! Allir upp með græjurnar, upp á heiðar, fjöll og út í eyjar. Eða bara láta fara vel um sig heima í sjakknum.

Frábært tækifæri til að prófa nýja dótið...eða gamla dótið. Það besta er, það þarf ekki að vera með rándýrar græjur. Einföld handstöð frá Kína er allt sem þarf. Oft koma bestu sögurnar frá afrekum með litlum búnaði. Upptekin(n)? Öll þátttaka bætir leikinn, stök QSO eru betri en engin QSO.

Gerum þetta með stæl, sýnum á Facebook hvað við erum virkir amatörar. Allir grobbpóstar úr leiknum kærkomnir. Viðurkenningar fyrir skemmtilegustu myndirnar/færslurnar.

Eins og venjulega verður “online” leikjavefur þar sem þátttakendur skrá sig til leiks. Hægt verður að skrá sig inn í leikinn allan tímann þangað til hann endar. Slóð á leikjavefinn hér:

<http://leikar.ira.is/2021> Þar er einnig að finna nánari leiðbeiningar. Blásið verður til leiks kl. 18 föstudaginn 9. júlí og leikurinn stendur til kl. 18 sunnudaginn 11. júlí! 73 de Keli, TF8KY.



Glæsilegir verðlaunagripir eru í boði fyrir 1.-3. sætin. Myndin er af verðlaunum sem veitt voru í fyrra (2020). Einnig verða veittar viðurkenningar í ár fyrir bestu ljósmyndina á Facebook og fyrir skemmtilegustu færsluna á Facebook.

1. júlí – Fjarskiptastofa í stað Póst- og fjarskiptastofnunar.

Þann 1. júlí 2021

tóku gildi ný lög um



Fjarskiptastofa

Fjarskiptastofu.

Leysa þau af hólmi eldri lög um Póst- og fjarskiptastofnun (sem tók til starfa 1. apríl 1997).

Helstu nýmæli laganna eru nýtt nafn á stofnunina, ákvæði um netöryggissveitina, ákvæði er varða öryggi og almannavarnir, skýrari heimildir til að greina stöðu fjarskiptaneta og gera útbreiðsluspár fyrir háhraðanet og ný ákvæði um framþróun, rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun svo eitthvað sé nefnt.

Samskipti radióamatöra verða óbreytt við Fjarskiptastofu frá því sem var við Póst- og fjarskiptastofnun. Stjórn ÍRA óskar nýrri stofnun velfarnaðar.

1. júlí – Góð mæting í Skeljanes.

Góð mæting var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 1. júlí.



Frá vinstri enda fundarborðsins: Jón G. Guðmundsson TF3LM, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Georg Kulp TF3GZ, Þórður Adolfsson TF3DT, Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ, Valtýr Einarsson TF3VG, Mathías Hagvaag TF3MH (bak í myndavél) og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

Mikið var rætt um áhugamálið (á báðum hæðum) og radiódótið sem var í boði í salnum gekk vel út enda margt nýtilegra hluta, m.a. til smíða á loftnetsaðlögunarrásum o.fl. Margir voru áhugasamir um VHF/UHF leikana sem nú nálgast, en þeir verða haldnir helgina 9.-11. júlí n.k. og ætla sumir að takast á hendur ferðalög í leikunum, m.a. upp á hálendið.



Ánægja var með radiódótið í boði í salnum. Frá vinstri: Kjartan Birgisson TF1ET, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Elin Sigurðardóttir TF2EQ (fjær), Mathías Hagvaag TF3MH (fjær), Sigurður Kolbeinsson TF8TN og Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ (fjær).

Yfir kaffinu var mikið rætt um loftnet, bæði heimaloftnet og bílloftnet á HF og VHF. Menn velta fyrir sér heimasmiðuðum loftnetum samanborið við



Elin Sigurðardóttir TF2EQ við félagsstöðina í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmyndir: TF3JB.

keypt, enda er sumarið loftnetatíminn. Ennfremur var rætt um gæði og getu HF fjarskiptastöðva á markaði. Og eins og alltaf er, þá var rætt um DX skilyrðin á HF böndunum að undanfögnu sem hafa verið allt frá því að vera ágæt upp í að vera mjög góð í sumar, jafnvel upp í VHF (50 MHz og 70 MHz). Einn félagi sagði t.d. frá því að hann hafi verið að ljúka við DXCC á 21 MHz og á þá bara eftir 28 MHz til að geta sótt um 5 banda DXCC (þar sem 80, 40 og 20 metra böndin eru klár). Loks var rætt um nafnabreytinguna, þ.e. Fjar-skiptastofu í stað Póst- og fjar-skiptastofnunar og voru menn almennt sáttir við breytinguna.

Alls mættu 20 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík í sólinni.

3. júlí – TF2RPJ kominn í lag.

2 metra FM endurvarpinn TF2RPJ á VHF á Álftanesi á Mýrum sem hafði verið úti að undanfögnu, varð QRV á ný föstudaginn 2. júlí.

Í samráði við Ara Þórólf Jóhannesson, TF1A kom Georg Kulp, TF3GZ við í fjar-skiptahúsinu á Álftanesi á Mýrum í viðgerðarleiðangri í gær. Georg hafði varaafgjafa meðferðis ef þurft hefði á að halda. Í ljós kom, að aðeins þurfti að endurræsa stöðina. TF2RPJ vinnur á 145.750 MHz (QRG inn -0,6 MHz) og notar 88,5 Hz tón inn.

Loftnetið fyrir TF2RPJ er staðsett í 26 háum turni þar á staðnum sem jafnframt hýsir loftnet fyrir radióvitana á 6 metrum (50.457 MHz) og 4 metrum (70.057 MHz).



Loftnetsturninn í Álftanesi á Mýrum hýsir loftnetin fyrir endurvarpann TF2RPJ og radióvitana TF1VHF á 50 MHz og á 70 MHz (en sama kallmerkið, TF1VHF er notað fyrir báða radióvitana). Ef vel er að gáð má sjá Samúel, TF3SUT, uppi í turninum. Ljósmynd: TF1A.

Þakkir til þeirra félaga TF1A og TF3GZ fyrir verkefni vel úr hendi leyst.

4. júlí – Námskeið yfir netið í haust/vetur.

Á 3. stjórnarfundum starfsársins 2021/22 sem haldinn var í Skeljanesi 22. júní, var samþykkt eftirfarandi bókun: „Finna þarf heppilegra fyrirkomulag á námskeiðshaldi. Stefna skal að fundi með prófnefnd.

Skoða þarf m.a. möguleikann á því að halda námskeið og jafnvel próf yfir netið, sem er gert í sumum löndum. Námsefni þarf að endurnýja.“

Í framhaldi var sent erindi til Kristins Andersen, TF3KX formanns prófnefndar 4. júlí með ósk um sameiginlegan fund stjórnar og nefndarinnar. Í bréfinu var nefndarmönnum þakkaður framúrskarandi góður undirbúningur og framkvæmd á prófi PFS til amatörleyfis 5. júní s.l. í Skeljanesi. Síðan segir m.a., „...að um gæti verið að ræða tiltölulega stuttan fund (kannski sem fyrri af tveimur) þar sem áherslan yrði á undirbúning þess að bjóða námskeið e.t.v. í október n.k. yfir netið með óbreyttu námsefni“. Þetta er sagt vegna þess að tími til stefnu er takmarkaður ef takast á að koma námskeiði á koppinn í október.

Það er skoðun stjórnar ÍRA að nýtt námsefni sé vissulega aðkallandi, en að það gæti verið heppilegt við undirbúning námskeiðs í október að fresta umræðum/undirbúningi um innleiðslu þess þar til á [næsta] námskeiði þar á eftir, þ.e. í febrúar 2022.



Kristinn Andersen TF3KX formaður prófnefndar fer yfir fer yfir prófspurningar eftir prófið 5. júní.

4. júlí – Týndu blöðin frá 1997, 1998 og 2004.

Fyrir nokkru kom í ljós að 6 tölublöð CQ TF vantaði á söfnunarsíðu félagsblaðsins á heimasíðu ÍRA.

Talið er víst blöðin hafi orðið viðskila þegar yfirfærsla var gerð fyrir fjórum árum í WordPress vefumsjónarkerfi, þegar skipt var út eldra kerfi (Confluence) þann 9. mars 2017.

Svo vel vildi til, að Brynjólfur Jónsson, TF5B sem var ritstjóri CQ TF á þessum tíma, átti blöðin enn í tölvunni hjá sér og gat sent félaginu frumritin sem á vantaði og voru þau sett inn á heimasíðuna þann 4. júlí. Blöðin sem um ræðir eru þessi:

1997–5. tbl.

1998–1. tbl., 2. tbl., 3. tbl., 4. tbl.


2004–5. tbl.

Sérstakar þakkir til Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS sem annaðist verkefnið og til Brynjólfs Jónssonar, TF5B sem útvegaði frumritin.

Vefslóð: <http://www.ira.is/cq-tf/>

6. júlí – KiwiSDR viðtækið flytur.

KiwiSDR viðtækið sem var vistað (eftir flutning úr fjarskiptaaðstöðu ÍRA þann 18. apríl s.l.) hjá Erling Guðnasyni, TF3E á heimili hans í Álftamýri í Reykjavík, fær nýtt QRH í sumar. Það verður í Hvassaleiti í Reykjavík. Erling segir, að þar geti hann sett upp mun betra loftnet fyrir viðtækið sem það eigi skilið, þ.e. langan vír.



Viðtækið verður í umsjá Erlings þar til síðar á árinu þegar það verður flutt á endanlegt QTH í Reykjanesbæ. Vefslóð er óbreytt: <http://ira.utvarp.com>

Hin tvö viðtækin sem eru virk (yfir netið) eru staðsett á Bjargtöngum í Vesturbyggð og á Raufarhöfn. Vefslóðir: Bjargtangar: <http://bjarg.utvarp.com> og Raufarhöfn: <http://raufarhofn.utvarp.com>

Þakkir til Erlings, TF3E fyrir að taka að sér viðtækið. Þakkir enn fremur til Georgs, TF3GZ, fyrir að lána viðtækið og til Ara, TF1A, fyrir að annast flutning og uppsetningu.

8. júlí – Skeljanes: Góðir gestir, góð stemning.

Góð mæting var í Skeljanes 8. júlí og margt góðra gesta. Heimir Þór Sverrisson, TF3ANT (W1ANT) heilsaði upp á mannskapinn, en hann er búsettur í Boulder í Colorado í Bandaríkjunum. Hann hrósaði starfi félagsins (fylgist með á netinu) og sagðist alltaf hlakka til að lesa nýtt CQ TF.



Frá vinstri: Heimir Þór Sverrisson TF3ANT/W1ANT, Kristján Benediktson TF3KB og Ágúst H. Bjarnason TF3OM. Mynd: TF3JB.

Ólafur Vignir Sigurðsson, TF3OV mætti einnig á staðinn en hann er nú búsettur í Ólafsvík. Hann reiknar með að verða virkur á loftinu á ný með haustinu, en stendur í byggingaframkvæmdum fyrir vestan um þessar mundir.



Létt yfir mönnum við stóra fundarborðið. Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Ólafur Vignir Sigurðsson TF3OV heilsast (höfðu ekki sést lengi). Síðan frá vinstri: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Kjartan Birgisson TF1ET, Jónas Bjarnason TF3JB, Baldvin Þórarinnsson TF3-033 og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: TF3JON.

Líkt og gefur að skilja þurfti margt að ræða yfir kaffinu, auk þess sem fjarskiptaherbergi TF3IRA var opið. Margir voru að sækja QSL kort enda þau tekin að berast á ný eftir faraldurinn. Ennfremur var radiódótið vinsælt og gekk vel út.



Frá vinstri: Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Yngvi Harðarson TF3Y, Heimir Þór Sverrisson TF3ANT/W1ANT, Kristján Benediktson TF3KB, Ágúst H. Bjarnason TF3OM og Jón Svavarsson TF3JON. Ljósmynd: TF3JB.

Af umræðum að dæma verður góð þátttaka í VHF/UHF leikunum um helgina, en þeir byrja kl. 18:00 á föstudag 9. júlí og standa til kl. 18:00 á sunnudag. Þegar þetta er skrifað hafa 18 kallmerki þegar verið skráð á leikjasíðuna: <http://leikar.ira.is/2021/> Þar á meðal er félagsstöðin, TF3IRA sem verður virkjuð um helgina.

Alls mætu 25 félagar og 2 gestir í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.



Fjölbylishús og loftnetismál

Ágúst H. Bjarnason, TF3OM

Þeir sem búa í fjölbylishúsum eiga oft erfitt með að fá leyfi til að setja upp loftnet. Reyndar er það ekki bundið við fjölbylishús, heldur geta skipulagsskilmálar í ákveðnum hverfum mælt fyrir um að loftnet séu ekki leyfð. Nágrannar í einbýlishúshverfum geta jafnvel verið erfiðir í samskiptum. Hvað er til ráða? Hér verður bent á tvo möguleika sem tiltölulega auðvelt er að útfæra.



Sjálfur er ég með fjartengda stöð (Kenwood TS-480) í sumarbústað fjölskyldunnar, en um það hef ég fjallað áður. Tilgangurinn með þeirri stöð er að losna við truflanir sem eru miklar í hverfinu hjá mér. Það eru þó ekki allir það lánsamir að hafa aðgang að sumarbústað eða bóndabýli þar sem hægt er að koma fyrir stöð og loftneti.

Hvað er þá til ráða fyrir þá sem ekki geta sett upp loftnet heima hjá sér? Væri ekki möguleiki á að pakka stöðinni í mál- eða plastkassa eða nettan skáp, og fá leyfi til að setja stöðina upp einhvers staðar innanbæjar eða utanbæjar þar sem hamlandi reglur gilda ekki? Ganga þannig frá búnaðinum að ekki þurfi að tengjast öðru en rafmagni, en greiða mætti fyrir það til dæmis með því að áætla notkun. Frágangur ætti að vera þannig að ekki taki langan tíma að taka búnaðinn


niður ef annar og betri staður finnst. Einnig þarf að huga að því að ekki sé auðvelt að skemma búnaðinn eða fíka í honum.

Það mætti hugsa sér bílskúr hjá kunningja, verkstæðisbyggingu í iðnaðarhverfi, vinnuskúr, geymsluhúsnæði, o.s.frv. Stöðin gæti verið nánast hvar sem er á landinu þar sem er húsaskjól og rafmagn, og svo auðvitað velvilji. Svo er stundum röð bílskúra á bílastæðinu fyrir framan fjölbylishús, ein bílageymsla fyrir hverja íbúð. Ef til vill yrði ekki amast við loftneti þar, t.d. lóðréttri stöng með bárujárnsþakið sem mótvægi. Þar mætti jafnvel nota WiFi brú frá heimanetinu. Möguleikarnir eru margir.

Ekki fer mikið fyrir fjölbanda lóðréttri stöng eða löngum vír. Best að byrja með eitthvað sem frekar lítið ber á meðan verið er að venja nágrannana við breytinguna. Hér fyrir neðan eru tvö dæmi um útfærslu. Ég nota Icom IC-7100 og IC-7300 í dæmunum, en sjálfur notaði ég Kenwood TS-480. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi.



RemoteRig tengikví sést á myndinni hér að ofan en að neðan er skýringarmynd sem sýnir fyrirkomulagið á fjarstýringunni.



Fjarstýring með IC-7100

Myndin sýnir Icom IC-7100 stöð þar sem andlitið ásamt RemoteRig búnaði (www.remoterig.com) er heima hjá eigandanum, en RF hlutinn einhvers staðar fjarri.




Í tækjakassanum eða veggskápnnum er RF hluti stöðvarinnar, ásamt RemoteRig boxi, nettum aflgjafa, 4G netbeini (router) og jafnvel aðlögunarrás (tuner) því þannig vantar í IC-7100. Væntanlega þarf einnig loftræsingu og viftu í kassann. Takið eftir, að heima hjá eigandanum er allt annað sem til þarf. Andlit talstöðvarinnar, hljóðnemi og morslykill. Það finnst ekki nokkur munur á því hvort öll stöðin er heima hjá viðkomandi, eða bara andlitið. Vilji maður hafa bandsjá eða foss, þá er auðvelt að nota einhvern KiwiSDR móttakara, eða vera með sinn eigin. Það má jafnvel vera með lítið SDR viðtæki heima og lítið viðtöku-loftnet úti á svölum (<https://tinyurl.com/wide-band-loop>).

Fjarstýring með IC-7300.


Myndin sem er fremst í greininni sýnir hvernig nota má Icom IC-7300 sem fjölmargir eiga. Heima hjá eigandanum er PC tölvu með RS-BA1 forritinu frá Icom ásamt VFO stillihnaðnum RC-28 frá Icom. Þar er einnig hljóðnemi og hátalari sem tengjast tölvunni.

Ég prófaði þetta fyrir nokkrum árum með því að fjarstýra heimastöðinni frá sumarbústaðnum. Það virkaði vel þrátt fyrir lághraða gagnatengingu (3G).



Lághraða tengingin var þó greinilega ekki alveg ásætlanleg. Notaði bæði RS-BA1 og RC-28.

Ekki er gert ráð fyrir að hægt sé að tengja morslykil. En það mætti gera með WinKeyer eða svipuðum búnaði (<https://hamcrafters2.com/WKremoteX.html>). Með lykklaborðinu er þó auðvelt að senda mors. Auðvitað er mikill kostur að hægt er að sjá bandsjána (fossinn) sem er í IC-7300 í tölvunni heima.



Í málm- eða plastkassanum, sem er einhvers staðar fjarri, er IC-7300, ásamt, nettum aflgjafa og 4G netbeini (router). Þar er einnig PC tölvu, en þær er hægt að fá mjög fyrirferðalítar í dag. Kostur er að hafa möguleika á að tengjast þeirri tölvu með t.d. Teamviewer til að lagfæra að heiman hugsanleg vandamál. Svo þarf að ganga þannig frá Bios í tölvunni að hún ræstist upp eftir straumleysi. Hægt er að kveikja og slökva á stöðinni með RS-BA1, en PC tölvun þarf alltaf að vera í gangi.

Rétt er að benda á að það eru fleiri en ICOM sem hafa boðið upp á forrit til að fjarstýra IC-7300. Sjá til dæmis: <https://icom.va2fsq.com/>. Það vinnur þó ekki með VFO stillihnaðnum RC-28 sem er miður.

Niðurlag

Menn gætu kannski sameinast um að hanna svona búnað, velja kassa eða skáp, finna bestu lausnina miðað við t.d. þessar útfærslur, hjálpast að við stillingu hugbúnaðar, o.s.frv. Þetta sem ég hef skrifað eru bara hugmyndir, en ég hef prófað báðar aðferðirnar og get staðfest að þær virka vel. Tilgangurinn með greininni er að benda á að ekki er þörf á að setja upp svona stöð úti á landi, t.d. í sumarbústað, til að leysa vandamálin þar sem loftnet eru bönnuð. Það er auðvitað best að hafa stöðina í sveitinni, en það má byrja á að hafa hana á hentugum stað þó það sé innanbæjar.

73, de TF3OM



Spætan 2

Kristján Benediktsson, TF3KB

Í CQ TF júní 2019 var grein um rússnesku spætuna svokölluðu, sem reyndar var staðsett nálægt Tsjernóbíl í Úkraínu, þar sem kjarnorkuslysið mikla varð í apríl 1986. Griðarleg loftnet spætunnar hafa vakið athygli og forvitni radióamatöra, sem sumir hverjir hafa farið skoðunarferðir á staðinn, sem mun vera aðgengilegt í dag. Mannvirkið var langdræg stuttbylgjuratsjá Sovétmanna, sem með henni gátu séð flugvélar og eldflaugar milli heimsálfa. Útsendingarnar voru hrellirinn ógurlegi fyrir aðra notendur stuttbylgjunnar á árunum 1976-1989, í trássi við alþjóðlega samninga og tíðniúthlutanir. Þær ollu miklum yfirgnæfandi truflunum þegar útsendingarnar komu og fóru fyrirvaralaust hingað og þangað á stuttbylgjunni, þar á meðal amatörböndunum.

Þar sem a) kónískir dípólar eru almennt séð breiðbands, og b) dípólarnir eru kónískir að hálfu leyti, og sverir að hálfu leyti, og c) þessir dípólar gætu þess vegna e.t.v. haft nokkra breiðbandseiginleika því sverir leiðarar eru yfirleitt bandbreiðari en mjóir. Vegna þessa byggingarlags dípólanna vakti það forvitni um nánari eiginleika þeirra.

Tafla 1.

Fjöldi dípóla	x	1	2	4	8	16	32	64	128	256	300	512	
Ávinningsaukning	y	0	3	6	9	12	15	18	21	24	?	27	dB



Í fyrri grein var spurt tveggja spurninga:

1. Hver er áætlaður lofnetsávinningur allrar stæðunnar, miðað við að í hverri lóðréttri stæðu séu 20 dípólar í hæðina, raðað í zig-zag og 15 slíkar stæður í breiddina, 300 dípólar samtals?





Hér verður aðeins reynd gróf nálgun við svarið: Sé spennan í viðtökuneti u volt, þegar notað er fullt sendiafl og eitt sendinet, verður hún $u/\sqrt{2}$ volt sé aflið helmingað. Sé hálf afl sent í hvort af tveimur sendinetum, það er fullt afl samtals, tvöfaldast áður nefnd viðtökuspenna og verður: $2 * u / \sqrt{2} = 2 * \sqrt{2}$, sem er **3 dB** aukning. Sem sagt, hver tvöföldun í fjölda sendineta hefur í för með sér **3 dB** aukningu í lofnetsávinningi.

Hversu oft síðan 300 dípólar eru tvöföldun í fjölda dípóla má nálgast í töflu 1 hér að neðan.

Það má svo líka reikna með formúlunni $y=3*\log_2(x)$ sem gefur fyrir $x=300$ svarið **24,7 dB**, sem er þá áætlaður ávinningur miðað við dípól. Til viðbótar kemur síðan endurkast frá vírum að baki dípólanna, að frádregnum töpum, sem engin tilraun verður gerð hér til að áætla.

2. Hvert er áætlað sýndarviðnám hvers dípóls frá 5–25 MHz, miðað við tómarúm og lauslega áætlaða stærð skv. málsettri mynd hér að [neðan].

Í EZNEC var hermt var eftir einum dípól eins og meðfylgjandi mynd sýnir og fylgja útreiknaðar niðurstöður hér með:





Formenn ÍRA 1946–2021

Jónas Bjarnason, TF3JB

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað í Reykjavík 14. ágúst 1946. Fyrsti aðalfundur var haldinn 21. nóvember sama ár. Á fundinum var m.a. kosið í stjórn og var Einar Pálsson, TF3EA kosinn fyrsti formaður félagsins.¹ Hann var jafnframt handhafi leyfisbréfs radióamatöra númer eitt hér á landi² og fyrsti heiðursfélagi ÍRA. Nokkru eftir aðalfundinn, þann 7. febrúar 1947 var fyrsta reglugerðin um starfsemi radióamatöra hér á landi sett.³



Einar Pálsson TF3EA var fyrsti formaður ÍRA og handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 1 hér á landi. Mynd: Pétur Thomsen TF3PT.

Samanborið við Norðurlöndin vorum við Íslendingar nokkuð seinir til, því finnska landsfélagið SRAL var stofnað 1921, það sænska SSA 1925, það danska EDR 1927 og það norska NRRL 1928. Færeyska landsfélagið, FRA er hins vegar yngst og var stofnað 1965.

Inngangur.

Þetta er sjötta grein höfundar um sögulega þætti úr starfsemi félagsins.⁴ Að þessu sinni er leitast við að skoða leyfishafa sem gegnt hafa embætti formanns ÍRA frá stofnun félagsins árið 1946.

Heimildir eru rýrar framan af þar sem fyrstu fundargerðarbækur félagsins eru taldar glataðar. Þess í stað þarf að styðjast við umfjöllun í dagblöðum og vikuritum frá þessum tíma. Sú umfjöllun er ekki mikil, en með því að bæta munnlegum heimildum við, tókst að finna 5 félagsmenn sem gegndu embætti formanns í 7 ár á tímabilinu til 1946–1963, en fullvíst má telja að þeir hafi verið fleiri.


Af óþekktum ástæðum virðist starfsemin hafa verið í lægð 1950–1963, eða þar til auglýstur var aðalfundur þann 13. september 1963 í dagblöðunum. Og á sama vettvangi framhaldsaðalfundur, þann 6. október. Fundarefnið var endurvakning félagsins. Allt gekk að óskum og var félagið „gangsett“ á ný. Á framhaldsfundinum var m.a. kosið í stjórn og 10 nýir félagar bættust í hópinn eftir því sem fram kom í dagblöðunum eftir fundinn, en ekki liggja fyrir upplýsingar um skipan stjórnar.



Fyrsta félagsaðstaða ÍRA var á 2. hæð í þessu húsi að Frikirkjuvegi 11 í Reykjavík frá 1964-1969.

Ári síðar (eftir aðalfundinn 1964) taka hlutirnir að gerast. Á stjórnarfund 7. október 1964, voru þeir Stefán Þórhallsson, TF3ST (síðar TF3S), Garðar Gíslason, TF3IC og Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX samþykktir í húsnefnd. Þeir skyldu sjá um framkvæmdir í nýju húnæði félagsins að Frikirkjuvegi 11. Þann 24. október 1964 kom síðan fyrsta félagsblaðið út, CQ TF de ÍRA.

Með hliðsjón af framansögðu, skiptist umfjöllunin í meginatriðum í tvennt, frá 1946 til 1963 og frá 1964 til 2021. Síðara tímabilið er ágætlega skráð og má þakka umsjónarmönnum með útgáfu félagsblaðsins sem hófst haustið 1964.



Fyrsta félagsblað ÍRA kom út í október 1964.

¹ Útvarpstíðindi, 1. tbl. 1947, *Félag radióamatöra*, bls. 10.

² CQ TF de ÍRA, 1. tbl. 1973, Einar Pálsson TF3EA, bls. 2.

³ CQ TF, 1. tbl. 2019, *Reglugerðarumhverfi radióamatöra í 70 ár*, bls. 56.

⁴ Yfirlit um fyrra efni höfundar sögulegs eðlis og vefslóðir er birt aftast í þessari grein.

Ákvæði um formannsembættið í lögum félagsins.

Lög ÍRA hafa eðlilega tekið breytingum á tímabilinu frá 1946. Kjörtímabil formanns hefur þó alla tíð haldist óbreytt, eða 1 ár. Af einstökum embættum í stjórn er mest umfjöllun um embætti formanns í lögum félagsins.

Ekkert er í lögnum um hve lengi formaður geti setið samfleytt. Því eru ekki sett takmörk svo framfarlega sem hann er kjörinn á aðalfundi sem löglega er boðað til.

Samkvæmt ákvæði í 7. gr. hafa fyrrverandi formenn hlutverk ef til þess kemur að skipa þurfi nefnd til að fjalla um brot félagsmanns á lögum félagsins eða reglum sem skaðar hagsmuni amatörhreyfingarinnar.

Ýmsa varnagla má finna í lögnum sinni formaður og/eða stjórn ekki hlutverki sínu. Samkvæmt ákvæði í 9. gr. geta til dæmis tveir stjórnarmenn boðað til stjórnarfundar án atbeina formanns sjái þeir ástæðu til. Ákvæði í 14. gr. er svipaðs eðlis en nær þó til stjórnarinnar allrar. Þar segir að stjórn sé skylt að boða til almenns félagsfundar æski þess 12 leyfis-hafar hið minnst. Núgildandi lög ÍRA eru frá 2016.

Tímabilið 1946–1963.

Tiltölulega fáar heimildir hafa fundist sem varpa ljósi á starfsemi ÍRA á tímabilinu 1946–1963 þar sem fundargerðarbækur er taldar glataðar og útgáfa félagsblaðs hófst ekki fyrr en haustið 1964.¹ Umfjöllun um þetta tímabil er því rýr.

Umfjöllun í Útvarpstíðindum.

Nokkuð efni um málefni radióamatöra birtist um sjö mánaða skeið í Útvarpstíðindum. Í viðtali við Einar Pálsson, TF3EA, í 15. tbl. ritsins árið 1946 kemur fram „að félagið fái umráð yfir tveimur síðum í hverju blaði um málefni sín og mun þetta efni áreiðanlega verða skammtilegt og fróðlegt.“

Þáttur undir nafninu „Frá íslenskum radió-amatörum“ hóf síðan göngu sína í 17. tbl. sama ár og birtist efni í framhaldi til og með 6. tbl. 1947. Ekkert kemur fram í þeim pistlum um formenn félagsins.

Útvarpstíðindi hættu að koma út skömmu eftir ársbyrjun 1949. Ritið var endurreist 1953 og kom þá út í tæpa níu mánuði, en engin umfjöllun var um málefni radióamatöra.



Útvarpstíðindi birtu viðtali við Einar Pálsson, TF3EA í 15. tbl. 1946.

Umfjöllun í dagblöðum og vikuritum.

Til viðbótar við upplýsingar í Útvarpstíðindum um Einar Pálsson, TF3EA, sem [fyrsta] formann ÍRA árið 1946 má finna umfjöllun um radióamatöra í dagblöðum og vikuritum á þessum tíma (1946–1963). Þar kemur eftirfarandi m.a. fram um þrjá formenn félagsins.



Grein um amatör radió í Morgunblaðinu 4. janúar 1950.

Að árið 1950 hafi Ásgeir Magnússon, TF3AB² verið formaður ÍRA.³ Ennfremur, að þá hafi verið um 20 íslenskir leyfishafar. Fyrir liggur, að hluti þeirra var virkur í alþjóðlegum keppnum á þessum tíma.⁴ Þá kemur fram að Ásgeir hafi einnig verið formaður árið 1952, en 10. janúar 1953 er rætt um hann sem „núverandi formann félagsins“. Því er ályktað að hann hafi verið kjörinn á aðalfundi 1952. Loks má lesa, að 26. október 1953 hafi formaður ÍRA verið Árni Þorsteinn Egilsson, TF3AR (1923–1981).⁵ Heimildir geta jafnframt um að hann hafi verið formaður árið 1956.⁶

¹ CQ TF, 4. tbl. 2020, *Útgáfusaga ÍRA 1964–2020*, bls. 33.

² Ásgeir Magnússon, TF3AB, var handhafi leyfisbréfs radióamatöra nr. 8.

³ Morgunblaðið, 4. janúar 1950, *Þeir rabba um heimsmálin við kunningja sína hinum megin á hnettinum*, bls. 5.

⁴ CQ TF, 2. tbl. 2018, *CQ WW í 70 ár*, bls. 26.

⁵ Visir, 26. október 1953, *Radio-amatörar hér tala við eyjaskeggja á Kyrrahafi*, baksíða.

⁶ <https://timarit.is/page/4428353#page/n1/mode/2up>

Munnlegar heimildir.

Munnlegar heimildir eru tvær. Þær eru frá Kristjáni Benediktssyni, TF3KB og Sigurbirni Þór Bjarnasyni, TF3SB.

Kristján, TF3KB, segir m.a. eftirfarandi: „...Síðan rifjaðist [það] upp fyrir mér, að þegar ég var búinn með amatörpróf [1962] og vildi fá leyfi, var mér bent á að í þáverandi reglugerð segði, að ein forsenda þess að fá leyfi, væri að vera félagi í félagi íslenskra radió-amatöra. Hófst þá leitin, og mér sagt að félagið væri ‘dautt’... Hafði uppi frekari fyrirspurnir um félagið og var mér bent á að formaður félagsins væri þáverandi stöðvarstjóri í Gufunesi, Bjarni Gíslason, TF3BG. Við Vilhjálmur Þór, [seinna] TF3DX lögðum land undir hjól bíls föður hans og fórum upp í Gufunes og náðum tali af Bjarna. Man ekki hvort ég fékk bréfið þá strax, en held það. Ég fékk sem sagt bréf undirritað af Bjarna Gíslasyni formanni, um að ég væri félagi í félaginu“.

Sigurbjörn Þór, TF3SB, segir svipaða sögu, nema að hann hafði hug á að sitja próf til amatörleyfis og hafði því áhuga á að gerast félagsmaður í ÍRA. Eftir töluverða leit (í ársbyrjun 1963) var honum var bent á að formaður félagsins væri Sveinn Guðmundsson, TF3SG. Hann hafði uppi á honum í verslun þeirra hjóna (Hverfitónum við Hverfisgötu í Reykjavík) og var skráður í félagið. Sigurbjörn Þór gekkst síðan undir próf til amatörleyfis hjá Póst- og símamálastjórninni og fékk úthlutað kallmerkinu TF3SB.

Úrvinnsla.

Samkvæmt ofangreindum heimildum er það niðurstaða höfundar að unnt sé að gera grein fyrir hverjir gegndu embætti formanns ÍRA í 7 ár (af 17) á tímabilinu 1946–1963.

Það eru: Einar Pálsson, TF3EA (1946); Ásgeir Magnússon, TF3AB (1950 og 1952); Árni Egilsson, TF3AR (1953 og 1956); Bjarni Gíslason, TF3BG (1962) og Sveinn Guðmundsson, TF3SG (1963).


Á 17 ára tímabilinu 1946–1963 gegndu því a.m.k. 5 félagar formennsku í ÍRA á 7 ára tímabili. Líkt og fram kemur í inngangi virðist starfsemin hafa verið lítt virk á tímabilinu 1950–1963. Fullvíst má þó telja að fleiri hafi gengt embættinu þau 10 ár sem standa út af.




TF3EA (1914–1973). Einar Pálsson var formaður a.m.k. árið 1946.



TF3AB (1914–1987). Ásgeir Magnússon var formaður a.m.k. árin 1950 og 1952.



TF3AR (1918–1998). Árni Egilsson var formaður a.m.k. árin 1953 og 1956.



TF3BG (1923–1981). Bjarni Gíslason var formaður a.m.k. árið 1962.



TF3SG (1929–2011). Sveinn Guðmundsson var formaður a.m.k. árið 1963.¹

¹ Hér er átt við tímabilið 1946–1963, en Sveinn TF3SG gegndi einnig embætti formanns síðar, eins og fram kemur hér að aftan.

Tímabilið 1964–2021.

Öruggar upplýsingar liggja fyrir um þá leyfishafa sem hafa verið kjörnir í embætti formanns ÍRA á tímabilinu 1964–2021, samanber meðfylgjandi töflu.

Á 58 ára tímabilinu 1964–2021 hafa alls fjórtán félagar verið kjörnir til formennsku í ÍRA. Aðeins

einu sinni sagði kjörinn formaður af sér. Það var Sveinn Guðmundsson, TF3SG, sem sagði sig frá embætti sex mánuðum eftir kjör á aðalfundi 1996. Haraldur Þórðarson, TF3HP, sem var varaformaður, tók við embættinu.

Tafla 1. Yfirlit yfir formenn ÍRA 1964–2021.

KALL-MERKI	ÁR KJÖRINN FORMAÐUR	ÁR ALLS
TF3KB	1973, 1974, 1975, 1979, 1980, 1981, 1982, 1983, 1984, 1985, 1986, 1987, 1988, 1989, 1990	15
TF3HP	1996 (½), 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2014	11½
TF3JA	1965, 1966, 1967, 1976, 1977, 2015, 2016, 2017	8
TF3JB	2009, 2010, 2011, 2012, 2018, 2019, 2020, 2021	8
TF3UA	1992, 1993, 1994	3
TF3AW	1971, 1972	2
TF3IC	1968, 1970	2
TF3HR	2007, 2008	2
TF3SG*	1964, 1996 (½)	1½
TF3AX	1978	1
TF3BJ	1995	1
TF3GB	1991	1
TF3HS	1969	1
TF3SG**	2013	1

*Sveinn Guðmundsson var handhafi kallmerkisins TF3SG til 5.11.2004 er hann fékk úthlutað kallmerkinu TF1T 5.11.2004.

**Guðmundur Sveinsson fékk úthlutað TF3SG, fyrra kallmerki föður síns Sveins Guðmundssonar, 31.5.2006.



TF3KB. Kristján Benediktsson er sá félagsmaður sem hefur gegnt embætti formanns ÍRA lengst, eða í 15 ár. Kristján er enn fremur sá formaður sem hefur gegnt embættinu lengst samfleytt, eða í 12 ár. Hann var fyrst kjörinn formaður á aðalfundi 1973 og starfaði út árið 1975. Hann var kjörinn á ný á aðalfundi 1979 og starfaði samfleytt út árið 1990. Kristján Benediktsson, TF3KB, er heiðursfélagi ÍRA



TF3HP (1943–2019).

Haraldur Þórðarson tók við embættinu í ágúst 1996 sem varaformaður, en var kjörinn í embætti formanns á aðalfundi 1997. Hann gegndi embættinu samfleytt út árið 2006. Hann var kjörinn á ný á aðalfundi 2014. Hann gegndi embætti formanns í alls 11½ ár. Haraldur Þórðarson, TF3HP, var heiðursfélagi ÍRA.



TF3JA. Jón Þ. Jónsson var kjörinn formaður á aðalfundi 1965 og starfaði út árið 1967. Hann var kjörinn á ný 1976 og starfaði út árið 1977 og loks á aðalfundi 2015 og starfaði út árið 2017. Jón gegndi embætti formanns ÍRA í alls 8 ár.



TF3JB. Jónas Bjarnason var kjörinn á aðalfundi 2009 og starfaði út árið 2012. Hann var kjörinn á ný á aðalfundi 2018 og starfaði út árið 2021. Jónas hefur gegnt embætti formanns ÍRA í alls 8 ár.



TF3IC. Garðar Gíslason var kjörinn formaður á aðalfundi 1968 og á ný 1970.



TF3UA. Sæmundur E. Þorsteinsson var kjörinn formaður á aðalfundi 1992 og starfaði út árið 1994.



TF3AW (1930-1978). Ólafur Axelsson var kjörinn formaður 1970 og starfaði út árið 1971.



TF3AX (1931-2019). Axel Sölvason var kjörinn formaður á aðalfundi 1978.



TF3HR. Hrafnkell Eiríksson var kjörinn formaður á aðalfundi 2007 og starfaði út árið 2008.



TF3GB (1950-2020). Bjarni Sverrisson var kjörinn formaður á aðalfundi 1991.



TF3SG (1929-2011). Sveinn Guðmundsson var kjörinn formaður 1964 og á ný 1996.¹



TF3BJ. Kjartan H. Bjarnason var kjörinn formaður á aðalfundi 1995.



TF3HS (1927-2006). Hallgrímur Steinarsson var kjörinn formaður á aðalfundi 1969.



TF3SG Guðmundur Sveinsson var kjörinn formaður á aðalfundi 2013.

¹ Sveinn Guðmundsson, TF3SG, var kjörinn formaður í mars 1996, en sagði sig frá embætti í ágúst sama ár.

Konur og ÍRA.

Engin kona hefur gengt embætti formanns ÍRA. Fyrsti kvenleyfishafinn á Íslandi var Sigrún Gísladóttir, TF3YL (1930–2010). Hún var handhafi leyfisbréfs nr. 62 sem var gefið út 22. janúar 1971 og var virk í félaginu um langt árabil, m.a. QSL stjóri félagsins 1971–1974.



Sigrún Gísladóttir TF3YL var fyrsti kvenamatörinn á Íslandi. Hún var handhafi leyfisbréfs nr. 62. Ljósmynd: Kristján Magnússon TF3KM.

Fyrsta konan sem kosin var í stjórnarkjöri í ÍRA er Elín Sigurðardóttir, TF2EQ. Hún var kosin varamaður í stjórn á aðalfundi félagsins 15. mars 2018 og starfaði með stjórn uns hún fluttist úr landi til háskólanáms í byrjun árs 2019. Í dag (2021) eru u.þ.b. 20 leyfishafar konur. Þær stofnuðu með sér hóp innan félagsins 15. maí 2015 og hafa verið virkar innan ÍRA og í alþjóðastarfi kvenamatöra.



Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA afhendir Elínu Sigurðardóttur TF2EQ blómvönd með þakklæti fyrir vel unnin störf í þágu ÍRA. Elín sat sinn síðasta stjórnarfund 13.11.2018 og flutti búferlum utan til náms í byrjun árs 2019. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

Samantekt.

Í þessari grein eru nafngreindir 16 leyfishafar sem hafa gegnt embætti formanns ÍRA í 75 ára sögu félagsins. Upplýsingar eru traustar fyrir 58 ára tímabilið frá 1964–2021, en rýrar fyrir 17 ára tímabilið þar á undan, 1946–1963.

Af þessum 16 voru 4 kjörnir heiðursfélagar ÍRA: Þeir Einar Pálsson, TF3EA; Haraldur Þórðarson, TF3HP; Kristján Benediktsson, TF3KB og Sveinn Guðmundsson, TF3SG.

Telja má fullvíst að fleiri en fimm leyfishafar hafi gegnt embætti formanns ÍRA á tímabilinu 1946–1963. Hafa ber þó til hliðsjónar, að a.m.k. í um áratug (ca. 1950–1963) mun starfsemi ÍRA hafa verið lítt virk og því óvíst hvort haldnir voru árlegir aðalfundir þau ár. Óskandi væri að eftir birtingu þessarar greinar komi fram upplýsingar sem frekar geta varpað ljósi á þetta tímabil. Ef það gerist er hugmyndin að endurbirta greinina uppfærða síðar í félagsblaði ÍRA, CQ TF.

Sérstakar þakkir til Ágústs H. Bjarnasonar, TF3OM; Kristjáns Benediktssonar, TF3KB; Sigurbjörns Þórs Bjarnasonar, TF3SB, Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA og Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS fyrir aðstoð við vinnslu greinarinnar.

73 de TF3JB.

Fyrri greinar höfundar, þar sem fjallað er um sögulega þætti úr starfsemi ÍRA ásamt vefslóðum:

Útgáfusaga ÍRA 1964–2020 (4. tbl. CQ TF 2020, bls. 33–40). <https://tinyurl.com/COTF-4-2020>

QSL stjórar ÍRA í 72 ár (3. tbl. CQ TF 2020; bls. 21–24). <https://tinyurl.com/COTF-3-2020>

Reglugerðarumhverfi radióamatöra í 70 ár (1. tbl. CQ TF 2019, bls. 56–58). <https://tinyurl.com/COTF-1-2019>

CQ WW í 70 ár (2. tbl. CQ TF 2018, bls. 26–33). <https://tinyurl.com/COTF-2-2018>

Húsnæðissaga ÍRA (3. tbl. CQ TF 2018, bls. 40–43). <https://tinyurl.com/COTF-3-2018>

Eftirskrift.

Í 3. tbl. CQ TF 2018 er birt greinin „Húsnæðissaga ÍRA“ eftir undirritaðan. Þar er skráð að aðstaða félagsins að Frikirkjuvegi 11 hafi verið fengin í október 1965. Samkvæmt upplýsingum í 2. tbl. CQ TF de ÍRA sem kom út í febrúar 1965, virðist félagið hafa fengið húsnæðið í hendur fyrr, þ.e. haustið 1964. Hér með er þessari leiðréttingu komið á framfæri.



Heimsókn í Tækniminjasafnið á Seyðisfirði

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Inngangur

Árið 1906 var lagður sæsími (fjarskiptastrengur) milli Íslands og Evrópu. Sæsíminn lá frá Skotlandi til Hjaltlands, þaðan til Færeyja og þaðan til Seyðisfjarðar. Þetta var fyrsta fjarskiptatenging Íslands við umheiminn. Sumrin 1905 og 1906 var lagður landsími (símálína) frá Seyðisfirði til Reykjavíkur. Reisa þurfti um 14 þúsund símastaura á leiðinni. Þetta var líklega umfangsmesta framkvæmd sem átt hafði sér stað í landinu fram að þeim tíma. Sæsíminn og landsíminn voru teknir í notkun í október 1906 og lauk framkvæmdum á undan áætlun. Hannes Hafstein, ráðherra heimastjórnarinnar á Íslandi beitti sér mjög fyrir þessum framkvæmdum en margir voru á móti. Oft er minnst á bændafundinn í ágúst 1905 þar sem bændur úr fimm sýslum riðu til Reykjavíkur til að mótmæla símanum. Hvort sem þessi mótmæli byggðust á afturhaldssemi eða ekki er ljóst að margir bændur vildu frekar koma á radiósambandi við útlönd en að leggja í þessa risaframkvæmd.

Sæsíminn frá 1906 og símsstöðin

Sæsíminn frá 1906 var í notkun til ársins 1962 þegar nýr sæsími var tekinn í notkun, ScotIce en hann gat borið 24 talrásir. Gamli sæsíminn var eingöngu fyrir ritsíma sem heitir „telegrafi“ á dönsku. Í raun fólst þetta í því að morse merki voru send yfir strenginn. Því þurfti starfsmenn sem skildu morse og gátu sent það á öllum endum strengsins. Þeir voru kallaðir símrítarar. Á Seyðisfirði unnu um 15 manns á símsstöðinni. Fyrstu árin voru danskir símrítarar sem sáu um fjarskiptin yfir sæsímamann til Þórshafnar í Færeyjum en íslenskir símrítarar sáu um fjarskiptin milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur.

Símsstöðin var í húsi sem nefnt er Wathne húsið á Seyðisfirði. Þetta er stórt og reisulegt hús sem Ottó Wathne lét reisa árið 1894, mynd 1. Þetta er fyrsta hús á Íslandi með rennandi vatni í krönum og kyndingu með ofnum. Í kjallara hússins var miðstöð sem hitaði vatn fyrir kyndingu og neyslu.

Mikla norræna ritsímafélagið, sem sá um lagningu sæsímans, keypti húsið af erfingjum Ottós Wathne árið 1906, þar var símsstöðin sett upp og var þar æ síðan. Kallmerki stöðvarinnar er TFY. Eftir að rekstri símsstöðvarinnar var hætt var sett upp tækniminjasafn



Mynd 1. Wathne húsið á Seyðisfirði

í húsinu. Um miðjan desember sl. urðu geigvænleg skriðuföll á Seyðisfirði úr hliðinni þar sem m.a. Wathne húsið stendur. Aðeins tveimur vikum fyrr höfðu Collins tæki Þorsteins Gíslasonar, TF6GI verið færð úr geymslu yfir í Wathne húsið þar sem þau voru sett upp til sýnis, mynd 2. Geymsla þessi varð undir einni skriðunni og má það teljast mikil blessun að tæki TF6GI lentu ekki í henni. Tæki þessi eru mörgum félögum í ÍRA kær en félagið varðveitti tækin um árabil, þegar það hafði aðsetur vestast á Vesturgötu.

Nú þykir ljóst að Wathne húsið er í mikilli hættu fyrir skriðuföllum framtíðarinnar. Því hefur verið ákveðið að færa húsið og þar með Tækniminjasafnið.



Mynd 2. Tæki TF6GI af Collins gerð í Wathne húsinu þar sem TF6GI bjó lengi

Tækniminjasafnið


Höfundur er í hópi nokkurra gamalla starfsmanna Símans sem hafa áhuga á sögu fjarskiptastrengja sem

tengja Ísland við umheiminn. Jóhann Grétar Einarsson, TF6GE hefur séð um Tækniminjasafnið frá upphafi. Hópurinn hafði samband við Grétar um að fá að sjá safnið og sagði hann að þá þyrftu menn að hafa hraðan á því safnið yrði tekið niður í þriðju viku júní. Hópurinn tók því næsta flug til Egilsstaða og mælti sér mót við Grétar. Grétar vann á símstöðinni frá 1958 þar til rekstri hennar var hætt og var stöðvarstjóri um



Mynd 3. TF3UA, Páll Árni Jónsson, TF6GE og Kristján Helgi Bjartmarsson fyrir utan Tækniminjasafnið

arábil. Hann er hafsjór af fróðleik um stöðina, rekstur hennar og sögu. Hann sagði skemmtilega frá því hvernig skeytin voru send milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar. Fyrst var skeyti sent yfir landsímann til Seyðisfjarðar. Skeytið var skrifað á pappírsstrimil sem var svo sterkur að engin leið er fyrir fulltíða mann að rífa hann. Slíkt skeyti er sýnt á mynd 4. Á Seyðisfirði tóku símritarar við strimlinum og lásu. Höfundur fékk að búa til strimilinn á mynd 4 en eins og sést varð sendingin ekki villulaus.



Mynd 4. Strimillinn sýnir viðtekið skeyti sams konar og það sem fór um sæ- eða landsíma. Glöggir geta lesið skeytið: SAEMUNDUR E THORSTEINSSON TF3UA 73 DE TF3UA

Strimillinn var afhentur öðrum símriturum sem útbjuggu gatastrimil með þar til gerðu tæki, mynd 5.

Strimillinn var gataður með handafli, lamið var á takkann til vinstri til að gera dit (stutt), takkann til hægri til að gera Da (langt) og miðjutakkann til að gera bil. Lemja þurfti nokkuð fast og sátu menn uppi með ónýtar axlir eftir starfsævi við þessa iðju. Eins og oft kom tæknin til skjalanna og leysti úr vandanum. Tækið sem sést til hægri á mynd 5 gatar strimla skv. skipunum frá lykklaborði. Dæmi um slíkan strimil er sýnt á mynd 6.

Þegar sendistrimillinn var tilbúinn var hann settur í



Mynd 5. Til vinstri er gatari til þess að gata strimla sem notaðir voru til að senda morse. Til hægri er nýrri búnaður þar sem gatari var tengdur við lykklaborð

lesara sem bjó til morse merkin sem voru send út á sæsímamann. Í Þórshöfn var stöð hliðstæð þeirri á Seyðisfirði, þar voru merkin skrifuð á strimil, annar gatastrimill búinn til og boðin send áfram til Hjaltslands. Þaðan voru þau send til Aberdeen, þaðan til London og þaðan til Kaupmannahafnar. Í fyrstu var sæsíminn „half-duplex“ þannig að ekki var hægt að senda skeyti í báðar áttir á sama tíma. Síðar kom búnaður sem byggðist á Wheatstones brú sem gerði sæsímamann „full-duplex“. Þetta var háð því að stilla samviðnám afar nákvæmlega sem líkti eftir samviðnámi sæsímans. Til þess þurfti mikla kunnáttu og æfingu.

Radióamatörar við símstöðina á Seyðisfirði

Þegar er getið um Grétar, TF6GE sem vann á símstöðinni um áratuga skeið. Árið 1907 kom Þorsteinn Gíslason, TF6GI til starfa og ári síðar Friðbjörn Aðalbjörnsson. Í safninu er að finna eftirfarandi texta um radióamatöra:

„Þeir Þorsteinn Gíslason og Friðbjörn Aðalbjörnsson, þá ungir símritarar á Seyðisfirði, gerðu árið 1913 tilraunir með loftskeytasendingar og radiótækni og voru það fyrstu radiósendingar hér á landi. Þeir notuðu meðal annars neistasenditæki sem Þorsteinn smíðaði sjálfur. Fylgdust þeir félagar og fleiri radióamatörar landsins stöðugt með tækninýjungum á sviði loftskeytatækninnar og voru að öllu leyti sjálfmenntaðir. Fljótlega var farið að gera tilraunir með móttöku útvarpssendinga og smíðaði Þorsteinn sjálfur mörg útvarpstæki. Árið 1915 tókst Þorsteini að ná merkjum frá Þýskalandi, Frakklandi, Englandi og Írlandi.



Mynd 6. Strimill eins og þeir sem notaðir voru til að senda morse yfir sæsíma. Dit er punktur og annar beint fyrir neðan. Da er punktur og annar til hægri fyrir neðan. Á strimlinum stendur 6789 123456

Þorsteinn var mjög áhugasamur amatör eins og sjá má á samskiptaspjöldum hans hér til hliðar.

Friðbjörn flutti til Reykjavíkur og starfaði við Land-símann þar m.a. sem fyrsti stöðvarstjóri loftskýta-stöðvarinnar á Melunum“.

Umrædd „samskiptaspjöld“ eru QSL kort og eru sýnd á mynd 7.



Mynd 7. QSL kort og fjarskiptadagbók TF6GI

Hér verður að staldra við og íhuga það afrek sem þeir félagar drýgðu með því að smíða sinn eigin sendi og viðtæki. Sem dæmi gátu þeir ekki pantað vír til þess að vefja spólur. Þeir þurftu að draga vírinn sjálfir og einangra hann. TF6GE sagði frá því að faðir Þorsteins var gullsmiður og kunni því að „draga“ vír. Vírinn var dreginn gegnum misstór göt þar til réttur sverleiki var fenginn. Neistasendir Þorsteins er á safninu og er sýndur á mynd 8. Þorsteinn reyndi mjög



Mynd 8. Neistasendir TF6GI

að ná sendingum Loftskýtastöðvarinnar í Reykjavík, TFA og síðar erlendum útvarpsstöðvum. Hann smíðaði mörg viðtæki og fjölgaði alltaf lömpum. Viðtæki Þorsteins frá 1923 er sýnt á mynd 9.

Gefum Þorsteini, TF6GI sjálfum orðið en þetta er texti úr Símaþláðinu X. Árg. 1. tbl. jan-febr. 1925 bls 17-19, fenginn úr riti TF6GE sem hann hefur tekið saman og nefnist „Ritsímastöðin á Seyðisfirði. Starfsfólk og saga stöðvarinnar“ :

„Haustið 1913 byrjuðum við Friðbjörn Aðalbjörnsson að gera tilraun til þess að senda þráðlaus merki innanhúss. Engin tæki voru fáanleg tilbúin



Mynd 9. Viðtæki TF6GI frá 1923

og urðum við því að smíða þau sjálfir eftir fyrir-sögnum í gömlum enskum skruddum, sem þá þegar munu hafa verið úreltar.

Smíðið á neistakeflinu, sem átti að vera aðal senditækið, og átti að geta framleitt 1 cm. langan neista, gekk eftir vonum, og nota ég það enn þá við sendingar. Fyrsta móttökutækið var samsett af einum aflvaka, nokkrum bandþrjónum og rafmagns-dyrabjölllu. Markmiðið var að fá bjölluna til að hringja og tókst það vel.

Næst reyndum við að senda Morsemerki neðan úr stofu upp á loft, og senda niður í kjallara og í næsta hús, Til þess notuðum við coherer sem móttökutæki og eitt venjulegt talsímaheyrnartól. Í stað loftnets notuðum við raffleiðslupípurnar eða ljósakrónurnar, og fyrir jarðleiðslu vatnsleiðslupípurnar.

Eftir margítrekaðar tilraunir með coherer af ýms-um gerðum (kvikasilfursmikrofon – og málm-svarfs) kom þó í ljós að þessi áhöld myndu ekki hentug til viðtöku á veikum rafsveiflum, þó við gætum með hægu móti fengið bjölluna til að hringja í öðru herbergi og heyrt Morsemerki í næsta hús. Það leið því ekki á löngu þar til við höfðum smíðað kristals móttökutæki, og var það smíði ýmsum erfiðleikum bundið, t.d. var ekki hægt að fá hér hæfilega gildan vír, og urðum við að grenna digran koparvír með því að draga hann (ca. 25 metra langan spotta) mörgum sinnum gegnum draglöd með handafli. Nú settum við viðtökutækin upp, í hús er var ca. 50 metra frá sendistöðinni, og komum loftnetunum þannig fyrir, að við hengdum þræði beint niður, út um loftglugga á báðum húsun-um. Tilraunirnar heppnuðust strax sémilega og safnaðist brátt saman hópur af unglingum til þess að sjá skeytin fljúga gegnum loftið!

Um þessar mundir voru engar þráðlausar stöðvar til hér á landi, og gerðum við okkur því ekki vonir

um að heyra neitt lengra að fyrst um sinn. Vorið 1914 komu hingað franskir togarar, er höfðu þráðlaus tæki, og sömuleiðis franska herskipið “Lavoisier”. Komumst við fljótlega í samband við þessi skip hér á höfninni, og þótti loftskýtamönnum þeirra ekki minna varið í að hafa samband við land en okkur að heyra til þeirra. Vil ég til gamans geta þess, að eitt sinn sem oft, voru yfirmenn “Lavoisier” hér í landi um kvöldtíma. En skall þá á svo niðadimm þoka, að þeir gerðu margar tilraunir til að finna skipið, en bar alt af að landi á sama stað og þeir lögðu frá. Síðast kl. 2 um nóttina sáu þeir ekki annað ráð vænna en að vekja mig upp til þess að koma skeyti um borð. Gekk það greiðlega og fékk ég mikil lof fyrir hjá þeim. Seinna um sumarið ætluðum við Friðbjörn að talast við úr “Íslands Falk”, er lá hér á höfninni, með leyfi loftskýtamannsins þar, en vorum að eins nýbúinir að ná sambandi þegar yfirmaður varpskipsins bannaði tilraunirnar og varð þar við að sitja. Við gerðum annars tilraunir við öll skip, sem hingað komu, og höfðu útbúnað til þess. Gátum við þá smám saman bætt tækin og gert þau næmari, og sýndu margir greiðvikni í sambandi við það.

Í ágústmánuði 1915, þegar Friðbjörn var fyrir skömmu farinn til Reykjavíkur, tókst mér í fyrsta skipti að ná þráðlausum merkjum frá útlendum stöðvum (Nauen og Effeltturninum) og notaði ég innanbæjartalsímalínu sem loftnet. Síðar heyrði ég fleiri stöðvar svo sem Poldhu á Englandi og Clifden á Írlandi. Um það bil stóð stríðið sem hæst, og voru engar símfregnir fáanlegar frá Þýskalandi. Tók ég því oft að gamni mínu löng fréttaskeyti frá Nauen, sem þó auðvitað ekki mátti birta. Sumrið 1917 gengu ýmsar kviksögur um þýska kafbáta, sem hefðu átt að sjást hér við land. Kvað svo ramt að, að ég, sem þá var fjarverandi, frétti að yfirmenn varðskipsins “Íslands Falk” hefðu verið að því komnir að gera upptæk tilraunataeki mín (sjálfsagt vegna gruns um, að þau væru notuð til sambands við Þjóðverja!) En úr því varð þó ekki eftir að þeir höfðu ransakað málið nánar. Einnig kom fyrirspurn viðvíkjandi tilraunastöð minni frá Breska utanríkisráðuneytinu, og hefur sú fyrirspurn sennilega á einn eða annan hátt staðið í sambandi við þessar kjaftasögur.

Að tilhlutun landssímastrjóra reisti ég árið 1919 ca. 80 feta hátt mastur fyrir loftnet, sem aðallega átti að nota til tilrauna við hina nýbyggðu loftskýtastöð í Reykjavík, sem mér ekki hafði tekist að heyra áður með hinum gamla ófullkomna útbúnaði, og smíðaði

ég nú alveg ný kristaltæki eingöngu í þeim tilgangi. Eftir nokkrar tilraunir tókst mér að heyra Reykjavík með þessum tækjum. Með þeim tókst mér sömuleiðis að heyra í fyrsta skipti talað þráðlaust. Var það tilraunasamtal yfir Atlandhafið frá Effeltturninum í París, og þótti mér mikið til þess koma að heyra alveg óvænt mannsmál á þennan hátt.

Eftir þetta fór ég að útbúa mér lampamóttökutæki. Notaði ég lengi vel að eins einn lampa með ágætum árangri, heyrði t.d. hljóðfæraslátt og söng frá Þýskalandi, Frakklandi og Lyngby í Danmörku; að visu fremur veikt. En haustið 1923 tókst mér fyrst að heyra reglulega skýrt og vel frá útlöndum.

Þá heyrði ég sem sé í fyrsta skipti til ensku víðboðsstöðvanna með þessum sömu tækjum, eftir að hafa gert lítilsháttar breytingu á þeim.

Nú nota ég þriggja-lampa-tæki. Með því að tengja lúður (loudspeaker) við tækin, hef ég glögglega getað heyrt hljóðfæraslátt og söng frá erlendum stöðvum, í ca. 200 – 300 metra fjarlægð frá tækjunum.

Einnig hef ég nokkrum sinnum í vetur heyrt til amerísku víðboðsstöðvanna.

Lokaorð

Áhugamenn um fjarskiptataekni eiga ríkt erindi á Tækniminjasafnið á Seyðisfirði. Nú að sumri 2021 gefst því miður ekki kostur á því að sjá safnið en hér er sett fram sú von að safnið risi fljótt og vel á nýjum öruggum stað. Þeir sem koma í safnið verða þess mjög varir hvílíku Grettistaki var lyft við lagningu sæ- og landsímans og hve mikils virði það varð þjóðinni á ná öruggu fjarskiptasambandi við aðrar þjóðir. Einstaklega ánægjulegt var að kynnast frumkvöðla-starfi þeirra Þorsteins Gíslasonar og Friðbjörns Aðalbjörnssonar. Á þessum tíma er alveg hugsanlegt að þeir hafi ekki gert sér ljósa grein fyrir því að þeir voru radióamatörar, enda var amatör radió rétt að byrja að slíta barnsskónum. Þeir störfuðu þó ljóslega skv. þeim anda sem löngu seinna var nefndur „amatör andinn“ og felst m.a. í því að öðlast þekkingu á radiótækni, smíða eigin tæki og ánægjunni af því að ná sambandi við aðra amatöra eða heyra í fjarlægum stöðvum.

Hér skal Jóhanni Grétari Einarssyni, TF6GE þökkuð handleiðslan um safnið og frábærar viðtökur. Einnig fyrir að láta höfundu í té ritið sem hann tók saman og heitir „Ritsímaströðin á Seyðisfirði. Starfsfólk og saga stöðvarinnar“. Rit þetta var óspart notað sem heimild við ritun þessarar greinar ásamt þeirri fræðslu sem TF6GE veitti. Einnig er ferðafélögunum Páli Árna Jónssyni og Kristjáni Helga Bjartmarssyni þökkuð skemmtileg samvera á Seyðisfirði 15. júní sl.



Tilbrigði við deltur

Kristján Benediktsson, TF3KB



Í ágætri grein „Delta lykkjan virkar,“ eftir Jónas Bjarnason, TF3JB í 2. tbl. CQ TF júlí 2018, eru margar góðar ábendingar og leiðbeiningar um praktíska útfærslu á þríhyrindum lykkjuloftnetum, deltum. Delta lykkjan er rómuð fyrir einfaldleika og góða virkni sem loftnet.

Deltan er auðveld í uppsetningu, þarf bara einn uppfestipunkt og ekkert jarðplan og kostar lítið. Ólíkt dípól er lykkja skammhlaup á DC, sem stuðlar að dempun rafsviðstruflana úr nærumhverfinu. Hefur nær því lóðréttu pólun og má fæða í annað neðra hornið eða hafa fæðipunkt nokkru ofar til að fá enn lóðréttari pólun. Virkar þá vel að nálægt jörðu og gefur lágt útgeislunarhorn, sem kemur vel út í DX.

Í greininni er minnst á 80m deltur Pauls, PAØGMW, sem var iðulega með gott merki hér á landi á 80m bandinu og tugir Íslendinga höfðu samband við á árunum frá 1974 og fram yfir 1980. Þótt ýmislegt hafi breyst síðan þá, hefur delta lykkja hans og ágæti hennar ekkert breyst.

Hún er klassík, m.a. fyrir að virka vel nálægt jörðu og henta fyrir beina tengingu við 50 kóax án sérstakrar aðlögunar. Á meðfylgjandi mynd má sjá málin og útgeislun á deltu hans úr grein í 1. tbl. CQ TF 1976. Eins og sjá má er toppurinn í 17,6 metra hæð yfir jörðu og lárétti leggurinn ekki nema 3 metra frá jörðu.

Aðstæður okkar til að setja upp loftnet eru ólíkar og enginn delta er alveg eins. Alltaf verður eitthvað öruvísi en fyrirmyndin og spurning hvaða áhrif hin og þessi frávik kunna að hafa. Í stað þess að prófa alla




Málsetning deltu Pauls, PAØGMW, og útgeislun skv. upplýsingum frá honum sjálfum, í 1. tbl. CQ TF 1976.


möguleika í praxis, er fljótlegra að herma eftir þeim í tölvu. Með því má bæta tilfinninguna fyrir því hvaða áhrif ýmsar breytur hafa og e.t.v. í framhaldinu vera í betri aðstöðu til að meta hvaða útfærslur henta mismunandi aðstæðum. Í þessum tilgangi verður hér skoðuð hermun ýmissa afbrigða deltunnar.

Fyrst er prófað hvað hún segir um deltu Pauls, PAØGMW:


Hermun á deltu Pauls, PAØGMW miðað við jarðleiðni 5 mS/m og rafsviðsstuðul 13.






Straumdreifing með bleikum lit. Fæðipunkturinn í neðra vinstra horni sýndur með litlum rauðum hringum.



Standbylgjuhlutfall 3,8-4,0 MHz miðað við 50 fæðilínu. Eigintíðni 3910 kHz og raunviðnám þar reiknaðist 77.



Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu Y-áss hornrétt á deltuna.



Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu X-áss, X-ás til hægri.

Hringstefnuvirkni í hámarks útgeislunarátt 22 gráður yfir láréttum fleti. X-ás til hægri.




Sýndarviðnám 3,8-4,0 MHz á smiðskorti.

Tilbrigði við deltu PAØGMW



Hermuð tilbrigði eru eftirfarandi: 1) Auk topps yfir miðri grunnlínu er einnig prófað að hafa toppinn yfir ¼ af grunnlínu. 2) 90 gráðu vinkill er settur á delturnar. Þetta er gert til mögulega að passa betur til uppsetningar í horn á ferhyrndri lóð. 3) Aðeins er lengt í ummáli frá málum PAØGMW, til að færa eigintíðnina

aðeins neðar og betur inn í 80m bandið. 4) Topp hæð frá grunnlínu er lækkuð niður í 12 metra í stað 14,6 til að lækka viðnám við eigintíðnina nær 50 . Miðað er við óbreytta jarðleiðni og 3m hæð lárétta hlutans yfir jörð, þannig að toppurinn er 15 metrum yfir jörð. Gengið er út frá 88 metra ummáli af vír í öllum deltum.

Venjuleg jafnarma delta í 3ja metra hæð yfir jörðu. Toppur í 15 metra hæð yfir jörðu eða 12 metra hæð yfir grunnlínu. Ummál 88 metrar. Jarðleiðni 5 mS/m og rafsviðsstuðull 13.






Standbylgjuhlutfall SWR 3,5-3,8 MHz Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu Y-áss miðað við 50 fæðilínu. Eigintíðni 3592 hornrétt á deltuna. kHz og raunviðnám þar reiknaðist 46 .





Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu X-áss, X-ás til hægri.

Hringstefnuvirkni í hámarks útgeislunarátt 22 gráður yfir láréttum fleti. X-ás til hægri.

Jafnarma delta í vinkil. Hæð yfir jörðu 3 metrar. Toppur í 15 metra hæð yfir jörðu eða 12 metra hæð yfir grunnlínu. Ummál 88 metrar. Jarðleiðni 5 mS/m og rafsv.st. 13.






Standbylgjuhlutfall SWR 3,5-3,8 MHz miðað við 50 Ω fæðilínu. Eigintíðni 3608 kHz og raunviðnám þar reiknaðist 59






Lóðrétt hámarksútgeislun 45 gráður milli X og Y ása. Lóðrétt útgeislun í stefnu X-áss.

Hringstefnuvirkni í hámarks útgeislunarátt 28 gráður yfir láréttum fleti. X-ás til hægri.

Ójafnarma delta1. Hæð yfir jörðu 3 metrar. Toppur staðsettur yfir 1/4 af grunnlínu í 15 metra hæð yfir jörðu eða 12 metra hæð yfir grunnlínu, Ummál 88 metrar. Jarðleiðni 5 mS/m og rafsviðsstuðull 13.






Standbylgjuhlutfall SWR 3,5-3,8 MHz miðað við 50 Ω fæðilínu. Eigintíðni 3572 kHz og raunviðnám þar reiknaðist 47




Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu 45 gráður milli X og Y ása, X-ás til hægri. Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu X-áss, X-ás til hægri.

Hringstefnuvirkni í hámarks útgeislunarátt 26 gráður yfir láréttum fleti. X-ás til hægri.

Ójafnarma delta1 í vinkel. Hæð yfir jörðu 3 metrar. Toppur staðsettur yfir ¼ af grunnlínu í 15 metra hæð yfir jörðu eða 12 metra hæð yfir grunnlínu., Ummál 88 metrar. Jarðleiðni 5 mS/m og rafsv.st. 13.






Standbylgjuhlutfall SWR 3,5-3,8 MHz Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu Y-áss miðað við 50 fæðilínu. Eigintíðni 3610 hornrétt á deltuna. kHz og raunviðnám þar reiknaðist 50 .




Stefnuvirkni í lóðréttu plani í átt X-áss.

Hringstefnuvirkni í hámarks útgeislunarátt 26 gráður yfir láréttum fleti. X-ás til hægri.

Ójafnarma delta2. Hæð yfir jörðu 3 metrar. Toppur staðsettur yfir ¼ af grunnlínu í 15 metra hæð yfir jörðu eða 12 metra hæð yfir grunnlínu., Ummál 88 metrar. Jarðleiðni 5 mS/m og rafsv.st. 13.






Standbylgjuhlutfall SWR 3,5-3,8 MHz Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu Y-áss miðað við 50 fæðilínu. Eigintíðni 3571 hornrétt á deltuna. kHz og raunviðnám þar reiknaðist 41





Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu X-áss, X-ás til hægri.

Hringstefnuvirkni í hámarks útgeislunarátt 26 gráður yfir láréttum fleti. X-ás til hægri.

Ójafnarma delta2 í vinkel. Hæð yfir jörðu 3 metrar. Toppur staðsettur yfir ¼ af grunnlínu í 15 metra hæð yfir jörðu eða 12 metra hæð yfir grunnlínu. Ummál 88 metrar. Jarðleiðni 5 mS/m og rafsv.st. 13.



Standbylgjuhlutfall SWR 3,5-3,8 MHz Stefnuvirkni í lóðréttum fleti í stefnu Y-áss miðað við 50 fæðilínu. Eigintíðni 3598 hornrétt á deltuna. kHz og raunviðnám þar reiknaðist 47 .




Stefnuvirkni í lóðréttu plani í átt X-áss.

Hringstefnuvirkni í hámarks útgeislunarátt 26 gráður yfir láréttum fleti. X-ás til hægri.

Árið 1865 lagði Maxwell þann stærðfræðilega grundvöll, sem enn í dag gefur öll réttu svörin við mörgum spurningum um loftnet. Tölvutækni dagsins auðveldar túlkunina. Þrátt fyrir að grundvöllurinn sé svona vel þekktur, virðist síðasta orðið um loftnet aldrei hafa verið sagt, né hætta loftnet að koma á óvart.

Mannlegt innsæi, ekki síst meðal radióamatöra, byggir brýr yfir stærðfræðina, leggur til möguleika til að kanna betur, þetta fer vel saman og skapar frjóan jarðveg. Hér hafa verið skoðuð 6 tilbrigði við deltur, sem vonandi sáir frækornum í þann jarðveg.



The Weak Signal Propagation Reporter Network

Eftirfarandi tölvupóstur barst til félagsins þann 21. maí s.l. Áhugasamir geta haft samband við Roland, HB9VQQ. Tölvupóstfang hans: roland@hb9vqq.ch

We are reaching out to you because we are looking for [radio amateurs] / Amateur Radio Groups around the world that are interested to run a synchronized and permanent HF WSPR Beacon as part of our Intl. WSPR Beacon Project to study weak Signal HF Propagation paths on a global scale. You are invited to have a look at the Project website at <https://github.com/HB9VQQ/WSPRBeacon> for further details.

If you are interested to run such a WSPR Beacon we would be more than happy to welcome you to the Project and be part of the Program. The only requirements we have are as follows:

- you need to provide a vertical omnidirectional Antenna, covering 80, 40, 20, 15 and 10m.
- you need to be willing to run the Beacon 24x7x365.
- you need to purchase one of our purpose built WSPR Beacons available in June 2021.
- required Permissions from local authorities to run a unattended Beacon.

Thanks for now and hope to hear from you soon.

Vy 73 de Roland, HB9VQQ.



Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2021/22

Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður

Á fundi í stjórn ÍRA þann 6. maí 2021 var samþykkt starfsáætlun fyrir starfsárið 2021/22. Það er í samræmi við ákvæði í 9. gr. laga félagsins, þar sem segir m.a. að „varaformaður sinni starfsáætlun og framkvæmd hennar“. Áætlunin er birt hér á eftir.

Rekstur.

Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundum samkvæmt áætlun sem samþykkt var á fyrsta fundi stjórnar, þ.e. u.þ.b. mánaðarlega og birta fundargerðir á heimasíðunni, á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi og í CQ TF. Heimasíðan verður áfram miðpunkturinn í miðlun upplýsinga til félagsmanna og annarra. Útgáfu CQ TF verður haldið áfram en félagsblaðið er birt jafnóðum á PDF-formi á heimasíðu ÍRA.

Samskipti.

Áfram verðu lögð áhersla á fagleg og jákvæð samskipti og samstarf við Póst- og fjarskiptastofnun sem viðheldur því trausti sem félagið nýtur hjá stjórnvöldum. Það sama gildir um samstarf við aðildarfélög IARU og NRAU og annað alþjóðlegt samstarf.

Félagsaðstaðan.

Félagsaðstaðan og rekstur hennar er mikilvægur þáttur í starfi félagsins, þ.e. samkomusalur, fjarskiptaherbergi, kortastofa og smíðaaðstaða ásamt geymsluherbergi í kjallara. Almenn opnunarkvöld eru á fimmtudögum en til greina kemur að staðið verði fyrir viðburðum á öðrum vikudögum sem þá verða auglýstir sérstaklega.

Félagsstöðin TF3IRA.

Markmiðið hefur verið að félagsstöðin sé þannig búin að hún geti svarað þörfum félagsins með því að hægt sé að stunda fjarskipti í sem flestum tíðnisviðum radióamatöra og á sem flestum tegundum útgeislunar. Áfram verður unnið að uppbyggingu á búnaði stöðvarinnar og viðhaldi og uppsetningu loftneta, ásamt því að einfalda skipulag og aðgang félagsmanna. Stuðlað verður að þátttöku í helstu alþjóðlegum keppnum og leikum og að stöðin sé opin og virk á opnunarkvöldum.

Fræðsludagskrá.

Fræðsludagskrár á haustmisseri og síðar vormisseri verða í boði og kynntar með góðum fyrirvara í CQ TF. Viðburðir verða einnig kynntir jafnóðum á heimasíðu félagsins. Stefnt verður að framboði viðburða á laugardögum og sunnudögum um sértæk málefni. Kannað verði með fjaraðgang félaga að fræðsluerindum og fundum félagsins í takt við almenna þróun á því sviði.

Miðlar.

Heimasíðan og samfélagsmiðlar verða áfram nýttir til upplýsingamiðlunar og samskipta við félagsmenn. CQ TF kemur áfram út á rafrænu formi (PDF) á heimasíðu félagsins og miðað við að gefin verði út fjögur tölublöð á starfsárinu.

Kynningarmál.

Áfram verður unnið að því kynna félagið fyrir almenningi. Heimasíða, blaðaútgáfa og samfélagsmiðlar sem lýst er að framan nýtast til kynningar fyrir áhugasama, auk kynningarefnis sem stjórn félagsins hefur útbúið. Stjórn ÍRA vill gera enn betur í stefnumótun og skilgreiningu á kynningarstarfi, þ.á.m. kynningu í fyrirtækjum og skólum og með kynningargreinum í dagblöðum og tímaritum, eftir því sem kostur er á. Sérstakt samráð verður haft við TF2EQ, ungmennafulltrúa ÍRA.

Námskeið.

Námskeiðshald til undirbúnings fyrir próf til amatörleyfis, hefur ávallt tilheyrt kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við prófnefnd félagsins, TF3PW, umsjónarmann námskeiða ÍRA og Póst- og fjarskiptastofnun. Námskeiði er einmitt nýlokið (í júní 2021) sem mun ljúka mun með prófi til amatörleyfis 5. júní. Áfram verður unnið að mótun stefnu um námskeiðshald, þ.m.t. uppfærslu námsefnis. Þá verður lögð áhersla á að skilgreina markhópa sem komi til með að endurspeglast í auglýsingum félagsins.

Endurvarpar / stafvarpar / radióvitar.

ÍRA mun áfram styðja við uppbyggingu og viðhald endurvarpa í samráði við VHF stjóra ÍRA og vaxandi hóp félagsmanna með áhuga á því sviði.

Tíðnimál og önnur réttindi radióamatöra.

Stjórn ÍRA mun áfram huga að núverandi réttindum okkar og verndun þeirra, auk þess að sækja um rýmri tíðnisvið og aukið afl í góðri samvinnu við stjórnvöld.

Til frekari upplýsingar og grundvallar. Tilvísun í lög ÍRA, 3. gr.:

Markmið félagsins eru að:

1. Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
2. Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
3. Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
4. Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
5. Efla amatör radió sem leið til sjálfsþjálfunar á tækni-sviðinu.
6. Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radióviðskipta.
7. Örvandi radióíþróttir meðal radióamatöra.
8. Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
9. Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amtör radiói á meðal ungs fólks.



Viðurkenningar radióamatöra

Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA.

Viðurkenningar og viðurkenningaskjöl (e. awards) hafa verið hluti af amatörsamfélaginu nánast frá upphafi. Tilgangur þeirra er að veita viðurkenningar fyrir margskonar árangur, m.a. að hafa sambönd við ákveðinn fjölda stöðva í mismunandi þjóðlöndum heims. Talið er að í boði í heiminum í dag séu tugir þúsunda slíkra. ÍRA hefur t.d. staðið fyrir útgáfu viðurkenningarskjala allt frá árinu 1984.

Flestir íslenskir radióamatörar eiga mörg sambönd við stöðvar í Rússlandi, en amatörar þar á slóðum eru fjölmennir og virkir í loftinu. Í annan stað, eru skilryðin á HF oft góð á milli landanna. Í gegnum árin safnast því gjarnan upp fjöldi staðfesta sambanda hjá flestum.

Hafi menn áhuga á viðurkenningum (e. awards) er vakin athygli á Russian Districts Award (RDA).¹ Málið snýst um staðfest sambönd við radióamatöra í stjórnsýslusvæðum (héruðum) Rússlands, en fjöldi þeirra er alls 2642.²

Viðurkenningarskjöl eru í boði fyrir fyrstu 100, 250, 500, 1000, 1500 og 2000 svæðin, en síðan eru í boði sérstakar viðhafnarútgáfur fyrir 2500 svæði og yfir. Allar tegundir útgeislunar gilda og hægt er að nota staðfest sambönd á LoTW (Logbook of The World), auk þess sem í boði er að skanna QSL kort. Hvert skjal kostar 10 evrur.



Viðurkenningarskjalið fyrir 100 einingar



Viðurkenningin fyrir skráningu á heiðurslista RDA er silfurslegin.

RDA viðurkenningarnar hafa verið í boði frá árinu 2001. Höfundur og umsjónarmaður er Roman Novikov, RA3R. Roman er mjög virkur radióamatör og er einnig QSL stjóri fyrir fjölmargar DX stöðvar.



Skráningu í efsta sæti á heiðurslista RDA fylgir gullmedalía

Í boði er forrit á netinu (hannað af ES1TU) þar sem hægt er að setja kallmerki inn og sjá á augabragði hve mörg svæði eru þegar staðfest, vefslóð: <http://mydx.eu>

73 de Billi, TF5B.

¹ Vefslóð á heimasíðu RDA: <http://rdaward.org/indexeng.htm>

² Vefslóð á heildarlista yfir stjórnsýsluhéruðin: http://rdaward.org/rda_eng.txt



Bókahorn ÍRA

Óskar Sverrisson, TF3DC

Til umfjöllunar: Amateur Radio Contesting for Beginners.

Höfundur: Doug Grant, K1DG.

Útgefandi: American Radio Relay League, ARRL.


Útgáfa: Fyrsta útgáfa, 14. janúar 2020.

Blaðsíðufjöldi: 240.

Brot: 18.4 x 22.7 cm.

Verð: \$24.95 (Bóksala ARRL).

Einnig fáanleg sem rafbók (Kindle) hjá Amazon.



Keppnir radióamatöra eiga sér áratuga hefð og nægir að benda á þá stærstu, CQ World Wide DX keppnirnar, sem eru vinsælastar á meðal alþjóðlegra keppna fyrir radióamatöra og byrjuðu árið 1948. Þær draga nafn af CQ tímaritinu sem hóf göngu sína þremur árum fyrr. Mikið er einnig í boði af keppnum innan einstakra þjóðlanda, sbr. t.d. TF útileikana, páska-leikana og VHF/UHF leika ÍRA.

Bókin *Amateur Radio Contesting for Beginners* er vel skrifuð og áhugaverð bók sem opnar nýjum leyfissíðum (og þeim sem eru lengra komnir) sýn inn í keppnir radióamatöra. Hún er hugsuð sem kynning og leiðbeinandi hvað varðar þennan áhugaverða þátt áhugamálsins.

Höfundur byrjar bókina á fróðlegu sögulegu yfirliti um keppnir radióamatöra. Síðar ræðir hann fjarskiptabúnaðinn og bendir á lausnir í þeim efnum. Hámarksafl, stór loftnet og nýjustu sendi-/móttöku-stöðvar eru ekki forsenda þess að ganga vel í keppni. Hann segir að til að ná árangri í keppnum snúist nefnilega um þjálfun í fjarskiptunum sjálfum og að hafa skýra sýn á því hvaða árangri menn vilja ná. Hann bendir einnig á, að flestir eru í raun að keppa við sjálfan sig, þ.e. að ná betri árangri í ár samanborið við árið áður (eða fyrri ár). Málið snýst þannig um að þátttakan veiti ánægju.

Doug skrifar um mikilvægi þess að undirbúa þátttöku tímalega til að lenda ekki í tímaþröng og skýrir vel mismunandi þátttökuflokka, þar sem keppt er við aðra á jafnræðisgrundvelli með tilliti til afls og/eða tíðnisviða. Ennfremur þá staðreynd, að sumar keppnir standa í tvo sólarhringa, aðrar í sólarhring og enn aðrar skemur og að þátttökutíminn er ekki bundinn, þ.e. menn geti þess vegna tekið þátt í keppni í aðeins 1-2 klukkustundir ef þeir kjósa svo. Málið snúist um

að taka þátt, hver á sínum forsendum. Hann skýrir einnig hvernig menn bera sig að við að senda inn keppnisgögn og leggur áherslu á að menn ættu *alltaf* að senda inn keppnisgögn, jafnvel þótt aðeins hafi verið höfð fá QSO.

Höfundur ræðir búnaðinn og bendir á að í raun megi nota hvaða búnað sem er í keppnum. Allur búnaður gildi þegar kemur að keppnisþátttöku og að fá sem mest út úr viðburðinum. Hann fer vel í gegnum tölvu-forrit á markaði, en mikið framboð er t.d. af rafrænum fjarskiptadagbókum og sérhæfðum keppnisdagbókum. Sum eru fríar og önnur þarf að greina fyrir. Hrósa má höfundi fyrir val á myndum í bókinni sem eru gagnlegar og fróðlegar.

Sumt í bókinni er sérhæft og varðar einkum radióamatöra sem búa í Bandaríkjunum, svo sem ýmsar VHF keppnir, „ARRL field-day“ og fleira. Þetta efni tekur þó ekki upp nema lítinn hluta bókarinnar og er fróðlegt efni.

Undirritaður mælir með kaupum á bókinni, bæði fyrir þá sem eru nýir leyfishafar eða leyfishafar sem ekki hafa prófað þátttöku í þessum frábæra hluta áhugamálsins.

73 de Óskar / TF3DC

Minning úr félagsstarfinu



Myndin var tekin í félagsaðstöðu ÍRA á Vesturgötu 68 þegar Victor C. Clark, W4KFC varaforseti ARRL heimsótti ÍRA 1977. Frá vinstri: Kristján Benediktsson TF3KB, Björgúlfur Bachmann TF3EL, Ólafur Axelsson TF3AW (SK), Haraldur Þórðarson TF3HP (SK), Stefán Sæmundsson TF3SE og Jónas Bjarnason TF3JB. Ljósmynd: W4KFC.



Íslenskir radióamatörar; starfstímabilið 2021/22

Stjórnarskiptafundur 25. mars 2021, haldinn í Skeljanesi kl. 18:00.

Mættir úr fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3GS ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF3EIN varamaður.

Mættir úr viðtakandi stjórn: TF3JB formaður (endurkjörinn), TF3DC og TF3PW (endurkjörnir til 2 ára), TF3GS og TF3GZ (sitja seinna ár) og TF3UA og TF3EIN, varamenn (endurkjörnir).

Dagskrá:

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá
2. Fundargerð 8. fundar 2019/20 frá 3. feb. lögð fram.
3. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
4. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.
5. Fundarslit og fundarhlé.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB, setti und kl. 18:02 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF3DC, TF3PW, TF3GZ, TF3UA og TF3EIN. TF3GZ hafði boðað fjarveru vegna vinnu. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 8. fundar 2020/21 frá 3. febrúar lögð fram.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.

Samþykkt að vísa útastandandi málum til nýrrar stjórnar.

4. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.

Formaður, TF3JB, þakkaði fráfarandi stjórn fyrir framúrskarandi gott samstarf og viðkynningu. Stjórnarmenn tóku undir með lófaklappi.

5. Fundarslit og fundarhlé.

Formaður, TF3JB, sleit stjórnarskiptafundi kl. 18:10.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara:
Óskar Sverrisson / TF3DC
varaformaður

1. fundur í stjórn ÍRA starfsárið 2021/22 haldinn 25. mars 2021 kl. 18:13 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB formaður (endurkjörinn), TF3DC og TF3PW (endurkjörnir til 2 ára), TF3GS og TF3GZ (sitja seinna ár) og TF3UA og TF3EIN, varamenn (endurkjörnir).

Dagskrá:

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins 2021/22.
2. Tillaga að dagskrá lögð fram.
3. Yfirlit yfir innkominn/útsend erindi á milli funda.
4. Stjórn skiptir með sér verkum.
5. Aðalfundur félagsins 2021: Fundargögn – kostnaður – drög að fundargerð aðalfundar lögð fram.
6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni – fyrirkomulag

verkefna – fundartími/staður stjórnarfundar.

7. Námskeið ÍRA til amatörprófs.
8. Starfsáætlun 2021/22; fyrsta umfjöllun.
9. Páskaleikar ÍRA 2021; 2.-4. apríl.
10. Alþjóðadagur radióamatöra 2021; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.
11. CQ TF, útgáfuáætlun 2021/22. Tillaga ritnefndar lögð fram.
12. Önnur mál.
Undirritun eyðublaða að ósk LÍ; m.a. RSK 17.28 fyrir félagasamtök og tilk. um raunverulega eigendur.
13. Næsti fundur stjórnar.
14. Fundarslit.

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn félagsins starfsárið 2021/22.

Formaður, TF3JB, setti fundinn kl. 18:13.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkominn/útsend erindi á milli funda.

Formaður kynnti erindi milli funda og bauð mönnum að ræða einstök erindi eða afgreiðslur á milli funda. Umræður. Engar athugasemdir komu fram.

4. Stjórn skiptir með sér verkum

Ný stjórn félagsins skipti með mér verkum og er þannig skipuð starfsárið 2021/22:

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður.
Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður.
Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri.
Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari.
Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi.
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, varamaður.
Heimir Konráðsson, TF3EIN, varamaður.

5. Aðalfundur félagsins 2021: Fundargögn – kostnaður – drög að fundargerð.

Aðalfundur félagsins 2021 var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju laugardaginn 13. mars. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, fundarstjóri og fundarritari. 25 félagar mættu. Fundur var settur kl. 13:00 og slitið kl. 14:00. Kostnaður félagssjóðs vegna húsaleigu nam 15 þúsund krónum. Gögn sem lögð voru fram í aðalfundarmöppu:

- Dagskrá fundarins.
- Útrentun á lögum félagsins.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2020/21 (171 bls. að stærð).
- Ársreikningur ÍRA fyrir rekstrarárið 2020.
- Upplýsingablað um Íslandsmet TF3ML og TF1JI í vegalengd fjarskiptasambands á 1,2 GHz sem sett var í VHF/UHF leikunum 2020 (155 km).

Jónas Bjarnason, TF3JB, fráfarandi formaður ÍRA flutti skýrslu um starfsemi félagsins 2020/21. Greinargóðri skýrslunni var einnig dreift til félagsmanna á aðalfundinum en í henni má m.a. finna fundargerðir stjórnar á starfsárinu. Skýrslan er auk þess aðgengileg á heimasíðu félagsins.

Jón Björnsson, TF3PW, fráfarandi gjaldkeri, flutti ársreikning félagssjóðs 2020. Embættismennirnir TF3DX formaður prófnendur, TF3MH QSL stjórn, TF3EQ ungmennafulltrúi og TF3KB NRAU/IARU tengiliður, fluttu fundinum starfsskýrslur sinna embætta. Fundarritari aðalfundar 2021, TF3UA, lagði fram drög að fundargerð aðalfundar. Sæmundur skýrði frá því að fundargerðin verði til birtingar í 2. tbl. CQ TF 2021, sem er í samræmi við ákvæði í 23. gr. laga félagsins.

6. Við upphaf nýs starfsárs: Verkefni – fyrirkomulag verkefna – fundartími/staður stjórnarfunda.

Stjórnin er sammála um að viðhafa sama/svipað fyrirkomulag hvað varðar fjölda stjórnarfunda (8-9 alls) á starfsárinu. Innkomin erindi og afgreiðsla þeirra á milli funda verði formlega frágengin á næsta stjórnarfundi og tíunduð í fundargögnum. Formaður mun áfram senda 1-blaðsíðu bréf í tölvupósti á milli funda, eftir þörfum.

7. Námskeið ÍRA til amatörprófs.

Umsjónarmaður námskeiða, TF3PW, greindi frá námskeiði sem hófst 22. mars og var mæting góð (16). Ljóst væri, að faraldurinn og aðgerðir stjórnvalda sem kynntar voru síðdegis í dag (25. mars) muni hafa áhrif á námskeiðshald, en þegar hefði verið gerð áætlun um að vinna upp þau skipti sem fresta þarf.

8. Starfsáætlun 2021/22; fyrsta umfjöllun.

Fyrir liggur, starfsáætlun stjórnar fyrir síðasta ár þarf að yfirfara og uppfæra. Verkefninu sinnir varaformaður, TF3DC, sem kalla mun eftir áherslubreytingum frá stjórn, eftir því sem við á og leggur fram drög að áætlun fyrir starfsárið á næsta fundi.

9. Páskaleikar ÍRA 2021; 2.-4. apríl.

Mikil og góð stemning er fyrir væntanlegum páskaleikum. Hrafnkell, TF8KY er umsjónarmaður og sinnir því hlutverki af mikilli alúð. Félagsmenn hafa á orði á að verðlaunagripir í leikunum séu glæsilegir og stjórnin staðfestir að svo verði áfram á starfsárinu 2021/22.

10. Alþjóðadagur radióamatöra 2021; 18. apríl; starfræksla TF3WARD.

Formaður bar upp hvort áhugi væri fyrir slíkri starfrækslu meðal stjórnarmanna þennan dag, um lengri eða skemmri tíma, frá félagsstöðinni. Málið sett í hendur keppnisstjóra, TF3DC og stöðvarstjóra, TF3JB en ljóst er, að ekki gefst tækifæri til að bjóða gestum eða félagsmönnum að koma í Skeljanes og því síðar að fara í loftið frá félagsstöðinni vegna krafna í reglugerð um sóttvarnir.

11. CQ TF, útgáfuáætlun 2021/2022. Tillaga ritnefndar lögð fram

Formaður greindi frá fundi ritnefndar og tillögu hennar um útgáfuáætlun sem liggur fyrir með svipuðum hætti og á nýliðnu starfsári, en fyrirhuguð er útgáfa á fjórum tölublaðum í apríl, júlí, október og janúar (2022) samanber meðfylgjandi töflu. Ritnefnd gerir ennfremur tillögu um að áfram verði prentuð 25 eintök af hverju blaði til nota í þágu

félagsins. Tillaga ritnefndar samþykkt samhljóða.

Töluþlað	Auglýst eftir efni	Útkomudagur	Tími milli töluþlaða
2. tbl. 2021	2.-14. apríl	Sunnud. 25. apríl	3 mánuður
3. tbl. 2021	26. júní-8. júlí	Sunnud. 18. júlí	2¼ mánuðir
4. tbl. 2021	3.-15. október	Sunnud. 31. október	3¼ mánuðir
1. tbl. 2022	4.-16. janúar 2022	Sunnud. 30. janúar	3 mánuðir

12. Önnur mál.

a. Undirritun eyðublaða að ósk LÍ; m.a. RSK 17.28 f. fél.samtök og tilk. um raunverulega eigendur.

Landsbanki Íslands, viðskiptabanki félagsins, hefur óskað eftir frekari upplýsingum sem tengjast skráningu á „raunverulegum eigendum“. Nýkjörin stjórn gekk í að undirrita eyðublað á fundinum. Fundargerðin, með upplýsingum um verkaskiptingu stjórnarmanna o.fl., þarf ennfremur að fylgja með til bankans til staðfestingar.

b. Spjall á FB síðum um áherslur til framtíðar, hvað hafi áunnist eða mætti betur fara o.s.frv.

Nánast án undantekningar eru skoðanaskipti af þessu tagi jákvæð á FB síðum í garð félags og stjórnar, þar sem lof er borið á gott starf ÍRA. Í hagsmunagæslunni, útgáfumálum, stjórnun viðburða (Páskaleikar, VHF/UHF leikar, Útileikar o.fl.). Ennfremur eru góð viðbrögð við aðgerðum félagsins í glímunni við heimsfaraldurinn og þeim takmörkunum sem faraldurinn leiðir af sér.

Fram kom, að sjaldan í sögunni hafi eins margir haft áhuga á að vera félagar í ÍRA og 99% innheimtuhlutfall hjá gjaldkeranum beri merki um það, þrátt fyrir erfiðar aðstæður varðandi samkomur og að hittast fleiri saman í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

13. Næsti fundur stjórnar.

Tillaga um næsta fund þriðjudaginn 30. apríl. Til staðfestingar þegar nær dregur.

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði stjórn góðan fund og sleit fundi kl. 19:17.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara:

Óskar Sverrisson / TF3DC

Varaformaður

2. fundur í stjórn ÍRA starfsárið 2021/22 haldinn 6. maí 2021 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, Óskar Sverrisson, TF3DC varaformaður, Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri, Georg Kulp, TF3GZ, meðstjórnandi, Heimir Konráðsson, TF1EIN, varastjórn og Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, varastjórn. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, ritari, var fjarverandi vegna vinnu.

1. Fundarsetning.

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:13. Hann bað Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformann, um að rita fundargerð í fjarveru ritara.

2. Tillaga að dagskrá.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá fundarins og var hún samþykkt:

3. Fundargerðir lagðar fram; stjórnarskiptafundur og 1. fundur nýrrar stjórnar 2021.

Umræður og fundargerðir samþykktar.

4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB, kynnti erindi milli funda og bauð stjórnarmönnum að ræða einstök erindi eða afgreiðslur. Umræður og fyrirspurnir. Engar athugasemdir komu fram.

5. Staða félagsjóðs; skýrsla gjaldkera.

Gjaldkeri, TF3PW, greindi frá að innheimta 2021 (samkvæmt félagskrá) hafi verið send í heimabanka til félaga. Þegar hafi um helmingur félagsmanna greitt árgjaldið. Eindagi er þann 1. júlí n.k. Fram kom undir dagskrárliðnum, að á heimasíðu ÍRA eru upplýsingar um bankareikning félagsins og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að greiða félagsgjald, námskeiðsgjöld og/eða önnur gjöld eða framlög til félagsins. (Á heimasíðu er farið undir „félagið“ og smellt á undirsíðuna „um félagið“ og í framhaldi farið alveg neðst á síðuna).

6. Námskeið ÍRA til amatörprófs 2021; stöðuskýrsla umsjónarmanns.

Umsjónarmaður námskeiða félagsins, TF3PW, skýrði stöðu mála varðandi þátttöku og framkvæmd á vörnámskeiði ÍRA til amatörprófs. Heimsfaraldurinn hefur truflað, þannig að fresta hefur þurft námskeiðshaldi tímabundið. Jón er samt bjartsýnn á framhaldið og að úr rætist.

7. Starfsáætlun stjórnar 2021/22, drög (framhaldsumræða).

Varaformaður, TF3DC, fór yfir drög að starfsáætlun stjórnar. Drög að starfsáætlun voru lögð fram á síðasta fundi stjórnar (25.3.2021). Ekki hafa komið fram viðbrögð frá stjórnarmönnum um breytingar í framhaldi af síðasta fundi. Umræður og í framhaldi var starfsáætlunin samþykkt.

8. CQ TF 2. tbl. kom út 25. apríl.

Formaður, TF3JB, greindi frá að blaðið hafi komið út samkvæmt útgáfuáætlun 25. apríl. Engin vandamál væru með efnisöflun. Og aðsendar greindar um tæknimál hafi slegið í gegn – ef marka má viðbrögð félagsmanna. Stjórnarmenn voru ánægðir með vel unnin störf fyrir félagið og þakka ritnefnd CQ TF. Nefndina skipa þeir TF3SB, ritstjóri og formaður ritnefndar, TF3VS sem annast umbrot, TF3JB, formaður og TF3DC, varaformaður.

9. Virkni félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

a. Starfræksla TF3IRA í páskaleikum félagsins; 2.-4. apríl.

Formaður, TF3JB, starfrækti félagsstöðina í páskaleikumum. Höfð voru 57 sambönd á VHF og UHF.

b. Starfræksla TF3WARD á alþjóðadegi radióamatöra; 18. apríl.

TF1A, TF3JB og TF3Y starfræktu kallmerkið á alþjóðadegi radióamatöra 2021. Skilyrði voru ekki góð til DX sambanda á HF og fjöldi sambanda aðeins um 200. TF1A hafði meirihluta sambanda um gervitunglið QO-100. TF3JB var QRV á 14 MHz á SSB og TF3Y var QRV á 14 MHz á CW.

c. Starfræksla TF3W í CQ WW WPX CW keppninni 29.-30. maí n.k.

Óvissa er um framvindu mála varðandi heimsfaraldurinn og hugsanlega fjölmennisþátttöku frá félagsstöðinni. Almenn hvatning stjórnar til félagsmanna er um að taka þátt í þessari og öðrum alþjóðlegum keppnum, eins og verið hefur.

10. Önnur mál.

a. Verkfundir yfir netið til undirbúnings Ráðstefnu IARU Svæðis 1 í október n.k.

Formaður gerði grein fyrir þátttöku og undirbúningsvinnu TF3KB, NRAU/IARU tengiliðar félagsins, vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu IARU Svæðis 1 í október n.k. Um er að ræða m.a. SVÓT greiningu vegna umfjöllunar um framtíðarmál amatör radiós sem verða þar til umfjöllunar.

b. Fjárhagsstuðningur IARU Svæðis 1 vegna fulltrúa ÍRA á ráðstefnunni í Serbíu í október n.k.

Fyrir liggur yfirlýsing um fjárhagsstuðning frá IARU Svæði 1 vegna kostnaðar við að senda fulltrúa ÍRA á ráðstefnuna. Félagsjóður þarf að greiða flugfargjald sem er áætlað að geti [mest] verið um 50 þúsund krónur.

c. Ráðstöfun Xiegu G-90 stöðvar ÍRA (gjöf TF3EO 6.12.2020); minnisblað TF3DC dags. 30.4.

Í fundargögnum var upplýsingablað TF3DC til stjórnar með lýsingu og tillögu um nýtingu stöðvarinnar fyrir nýliðastarf/YOTA og hugsanleg útlán við sérstaka viðburði. Umræða og stjórn tók jákvætt í framkomna tillögu.

d. Innrömmun viðurkenninga í fjarskiptaherbergi; m.a. Digital DXCC TF3IRA.

TF3IRA, „DXCC digital“ viðurkenning hefur verið sett í innrömmun en áður höfðu útgjöld vegna þessa verið samþykkt í stjórn (þann 5. janúar á 6. fundi 2020/21).

e. Viðhald og uppsetning loftneta félagsstöðvarinnar.

Loftnetahópur (stjórnarmennirnir: TF3GS, TF3GZ og TF3DC) biða færís og tíma til að sinna viðhaldi og uppsetningu loftneta.

f. Viðvera stjórnarmanna í Skeljanesi á fimmtudagskvöldum á næstunni.

Formaður bað stjórnarmenn að styðja við markmiðið um að ávallt séu ekki færri en tveir stjórnarmenn viðstaddir á opnunarkvöldum á fimmtudögum til að svara fyrirspurnum og veita upplýsingar til félagsmanna og gesta í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

11. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar er áætlaður þann 22. júní.

12. Fundarslit.

Formaður þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:25.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara
Óskar Sverrisson / TF3DC
varaformaður



Helstu DX keppnir 2021; ágúst–október.

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu ágúst, september og október 2021. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, auk þess að sýna vefslóð inn á heimasíðu hvernar keppni á netinu þar sem er að finna tæmandi upplýsingar.

Vefslóð: <http://contestcalendar.com>

Dagsetn.	Tími	Heiti keppni	Mótun	Bönd	Skilaboð (tf)
ÁGÚST 2021					
7. ágúst	12:00-23:59	European HF Championship	CW/SSB	160-10m	RST +2 síðustu tölustafir... (1)
14.-15. ágúst	00:00-23:59	WAE DX Contest, CW	CW	80-10m	RST + raðnúmer
21.-22. ágúst	(2)	SARTG WW RTTY Contest	RTTY	80-10m	RST + raðnúmer
28.-29. ágúst	12:00-12:00	YO DX HF Contest	CW/SSB	80-10m	RST + raðnúmer
SEPTEMBER 2021					
4.-5. sept.	00:00-23:59	All Asian DX Contest, Phone	SSB	80-10m	RS + 2 tölustafir fyrir aldur
11.-12. sept.	00:00-23:59	WAE DX Contest, SSB	SSB	80-10m	RS + raðnúmer
18.-19. sept.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest	CW	80-10m	RST + raðnúmer
26.-27. sept.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest, RTTY	RTTY	80-10m	RS(T) + CQ svæði (TF=40)
OKTÓBER 2021					
2.-3. okt.	08:00-08:00	Oceania DX Contest, Phone	SSB	160-10m	RS + raðnúmer
9.-10. okt.	08:00-08:00	Oceania DX Contest, CW	CW	160-10m	RST + raðnúmer
9.-10. okt.	12:00-12:00	Scandinavian Activity Contest	SSB	80-10m	RS + raðnúmer
16.-17. okt.	15:00-14:59	WAG; Worked All Germany	CW/SSB	80-10m	RS(T) + raðnúmer
30.-31. okt.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest, SSB	SSB	160-10m	RS + CQ svæði (TF=40)

1) Tveir síðustu tölustafirnir árið sem viðkomandi fékk fyrsta leyfisbréf, t.d. 2011 = 11.

2) Tímasetning er þrískipt þessa tvo keppnisdaga: (1) 21.9. kl. 0000-0800 GMT og kl. 1600-2400 GMT og (2) 22.9. kl. 0800-1600 GMT.



Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA á 75 ára afmæli laugardaginn 14. ágúst 2021.

Stjórn ÍRA býður félagsmönnum og fjölskyldum þeirra að halda upp á daginn með okkur og líta við í Skeljanesi laugardaginn 14. ágúst á milli kl. 15 og 18 og þiggja veitingar. Vöflur verða bakaðar á staðnum og framreiddar með rabarbarasultu og þeyttum rjóma.

Í boði verður jafnframt sérlegað heitt súkkulaði með rjóma.

Ef veður leyfir, er hugmyndin að tjalda á grasflötinni fyrir framan Skeljanes og setja þar upp stöð til fjarskipta. Vonandi sjá sem flestir félagar sér fært að mæta á staðinn og þiggja veitingar.

